

Árbók Íslands 2011

Heimir Þorleifsson og Jón Árni Friðjónsson
tóku saman

EFNISYFIRLIT

Árferði	99
Bókmenntir	102
Búnaður	104
Forseti Íslands	109
Iðnaður	110
Íbúar Íslands	110
Íþróttir	114
Kirkjan	123
Mannalát	125
Náttúra Íslands	133
Próf.	136
Raforkumál	138
Samgöngur og ferðamál	139
Slys	140
Stjórn mála	141
Útvegur	150
Verslun	154
Vinumarkaður	156
Vísitölur og verðlag	157
Ýmislegt	158

Helstu heimildir

Guðni Guðbergsson: *Lax- og silungsveiðin 2011*. Veiðimálastofnun, 2012.

Hagtíðindi 2012:

Mannfjöldi

Iðnaður

Sjávarútvegur

Útanríkisverslun

Íslenskur iðnaður. Fréttablað Samtaka iðnaðarins. 12. tölublað, 17. árg. des. 2011.

Landsvirkjun. *Ársskýrsla 2011*.

Orkuveita Reykjavíkur. *Annual Report 2011*.

Vefir nokkurra stofnana:

Alþingi, Hagstofan, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Rannsóknarnefnd sjóslysa, Skrifstofa forseta, Stjórnarráðið, Landsbjörg, Veðurstofan, Veiðimálastofnun.

Nokkrir heimildarmenn: Markús Möller, Matthías Eggertsson, Sigurður Kristjánsson, Þór Jakobsson.

Ljósmyndir:

Daníel Rúnarsson, bls. 149.

Golli/Kjartan Þorbjörnsson, bls. 146.

Landhelgisgæslan/Árni Sæberg bls. 168.

Jón Árni Friðjónsson, bls. 107, 135, 153.

Ólafur H. Sigurjónsson, bls. 134.

Sverrir Aðalsteinn Jónsson, bls. 100, 113, 132.

ÁRFRERÐI


Árið 2011 var veðurfar í heild hlýtt og og almennt hagstætt. Mikið kuldakast kom þó í síðari hluta maí og byrjun júní einkum suðvestanlands, og síðan aftur fyrri hluta desember.

Mestur hiti sem mældist á árinu á mannaðri veðurathugunarstöð var 2. júlí á Mánárbakka á Tjörnesi, 22,4 stig, og á ómannaðri stöð á Húsavík 27. júlí, 24,8 stig. Mestur kuldi á mannaðri stöð varð á Torfum í Eyjafirði 6. desember, -24,1 stig, og við Mývatn á ómannaðri stöð 6. desember -27,3 stig. – Mest sólarhringsúrkoma á mannaðri stöð mældist á Kvískerjum í Örafum 3. júlí, 135,5 mm. Á sjálfvirkri stöð í Neskaupstað mældist sólarhringsúrkoma 19. maí 118,0 mm.

Í Reykjavík var meðalhiti ársins 5,4 stig, sem er 1,1 stigi yfir meðaltali árána 1961–1990. Sólskinsstundir í Reykjavík voru 1.464,9, sem er 196,4 stundum meira en í meðalári. Mestur hiti í Reykjavík á árinu mældist 5. ágúst, 20 stig. Kaldast varð í bænum 13. mars, 12,5 stiga frost. Ársúrkoma í Reykjavík var 904 mm, sem er 13% yfir meðalúrkomu.

Á Akureyri var meðalhiti ársins 4,1 stig, 0,8 stigum yfir meðaltali. Sólskinsstundir á Akureyri voru 979,9, sem var 66 stundum undir meðallagi. Mestur hiti á Akureyri á árinu mældist 27. júlí 22,1 stig, en kaldast varð 6. desember, en þá mældist þar 6,8 stiga frost. Ársúrkoma í bænum var 643,3 mm sem er 30% yfir meðaltali. Samfelldar mælingar hófust í bænum 1927 og hefur ársúrkoman aðeins átta sinnum verið meiri á þessu tímabili.

Janúar var hlýr mánuður og var meðalhitinn 2,1 stig, 1,5 stigum yfir meðaltali. Þurrviðrasamt var um sunnan- og suðaustanvert landið en annars var úrkoma rétt yfir meðaltali. Ekki telst þessi janúar stórviðrasamur en dagana 6. og 7. var illviðri á Norður- og Austurlandi. Vegir lokuðust um þessa landshluta og var ófærð mikil víða, t.d. varð vart komist milli húsa á Akureyri og rúta sem flutti menn frá Eskifirði að álverinu á Reyðarfirði var tvær klukkstundir á leiðinni sem venjulega er farin á 10 mínútum. Ganga þurfti á undan rútunni. Almennt var mjög snjólétt sunnanlands. 14. janúar gerði mikinn storm með



Skarðsheiðin í febrúar.

suðurströndinni, allt frá Hvolsvelli og austur yfir Mýrdalssand. Á sandinum sá ekki út úr augunum fyrir snjó og sandfoki. Undir Eyjafjöllum skullu á vindhviður allt að 50 m/sek. Einnig var mjög hvasst í Vestmannaeyjum. – Í *febrúar* var veðrátta hlý og umhleyplingasöm. Mikil úrkoma var sunnan- og vestanlands, samfara lágum loftþrýstingi. Ekki fer mikil saga af óveðrum í mánuðinum. – *Mars* var úrkomusamur mánuður, umhleyplingasamur og jafnvel talinn óhagstæður um vestanvert landið. Í Reykjavík var úrkoma 101,5 mm, sem er fjórðungi yfir meðal-lagi. Snjór var meiri í borginni en verið hefur undanfarin ár og voru alhvítir dagar aðeins 17. Sólskin var hins vegar í minna lagi, aðeins 65 stundir og hafa sólskinsstundir ekki færri síðan 1993. 14. mars varð að kalla út björgunarsveitir til þess að hjálpa fólki sem lenti í hrakningum á Holtavörðuheidi. – Í *apríl* voru slegin ýmis hitamet, einkum um austanvert landið. Þannig var mánuðurinn sá hlýjasti á Dalatanga frá því að mælingar hófust þar og sá næsthlýjasti á Teigarhorni við Berufjörð en þar hefur verið mælt samfellt frá 1873. Sums staðar á Austurlandi var hærri meðalhiti í mars en í apríl og maí. Stuttur frostakafli kom rétt fyrir miðjan mánuðinn og fór frostið niður í 19 stig í innsveitum norðanlands. Mikill munur var á veðri eftir lands-hlutum því að sunnan- og vestanlands var heldur illviðrasamt og aðeins einn dagur var þurr í Reykjavík. Alls mældist úrkoma í Reykjavík 138,9 mm og er það meira en tvöföld meðalúrkoma á apríl. – Í *maí* skipti mjög í tvö horn með veðráttu. Fyrstu tíu daga mánaðarins var mjög vel hlýtt á landinu og sæmilega hlýtt eftir það fram til 19. Þá kólnaði mjög mikið, víða allt að fimm stiga frosti og var svalt allt til mánaðamóta. Norðanáhlaup gerði dagana 23. og 24. með mikilli fannkomu norðanlands og austan, einkum snjóaði mikið sums staðar á Austurlandi. Sauðburður var í gangi og urðu menn að taka fé á hús. Þá gerði þetta veður-far fuglum landsins lífið leitt. – Í *júní* var áfam mjög kalt í veðri norðanlands og austan og má segja að kuldakastið, sem byrjaði 20. maí, hafi staðið óslitið fram um 25. júní. Grímseyingar sögðust ekki hafa séð til sólar í mánuð. 24. júní var súld, rigning og kuldi í norðanátt. Gróður var sáralítill. Mánuðurinn var sá kaldasti á Akureyri síðan 1952 og í Reykjavík síðan 1999. Alla

daga júnímánaðar mældist frost einhvers staðar á landinu. Hiti komst ekki yfir 20 stig nema einn dag á Þingvöllum og á Þyrli í Hvalfirði – Í *júlí* var veðráttá fremur hlý og hiti víðast hvar yfir meðallagi. Þó var enn kalt um landið austan- og suðaustanvert. Mjög var þurrviðrasamt, einkum norðanlands, og var grasvöxtur hægur. Í Reykjavík var nær engin úrkoma á þriðja mánuð. – Í ágúst var fremur hlýtt í veðri, einkum sunnan- og vestanlands, og þurrviðrasamt nema helst austanlands. – *September* var fremur hlýr um allt land en rigningasamur með köflum. Loftþrýstingur var að jafnaði lægri í Reykjavík en mælst hefur nokkru sinni. – Í *október* var enn sæmilega hlýtt en úrkoma með mesta móti. – Í *nóvember* var óvenjuhlýtt í veðri, einkum austanlands. – *Desember* var kaldur, einkum framan af og snjór um mest allt land. Sunnanlands voru snjóþyngsli óvenjumikil og í Reykjavík mældist snjódýpt að morgni 29. desembers 33 cm og mun það vera met á þeim slóðum.

Hafís við strendur Íslands árið 2011

Í upphafi árs var hafísjaðar úti fyrir Vestfjörðum, næst landi um 40 sjómílnur norðvestur af Straumnesi. Jaðarinn færðist fjær landi og bárust engar fregnir af hafís á þessum slóðum fyrr en 20. mars er skip tilkynnti um ísspöng út af Víkuráli. Í eftirlitsflugi Landhelgisgæslu nokkrum dögum síðar var hafísjaðarinn á Grænlandssundi kannaður og reyndist hann næst landi tæpar 40 sjómílnur frá Barða og Kögri. Sagði síðan fátt af hafís við strendur landsins um tíma. Hafísjaðarinn var um mánaðamótin apríl/maí nálægt miðlínu milli Íslands og Grænlands og næstu mánuði var nær einvörðungu um borgarísjaka að ræða á íslenskum hafsvæðum. Seint í júlí voru nokkrir slíkir norðnorðvestur af Kögri, um miðjan ágúst var þyrping nálægt miðlínu og enn um miðjan september á báðum þessum slóðum. Engar tilkynningar um hafís bárust síðan það sem eftir var ársins.

BÓKMENNTIR

Árið 2011 var viðburðaríkt á sviði bókmennta og bókaút-

gáfu og óvenjumargir viðburðir bentu m.a. til vaxandi áhuga umheimsins á íslenskum bókmenntum. Hinn 4. ágúst var tilkynnt að Reykjavík hefði verið tekin í flokk bókmenntaborga UNESCO. Hún varð fyrsta borgin utan hins enska málsvæðis til að öðlast slíka viðurkenningu en aðrar bókmenntaborgir voru Edinborg, Iowa City, Melbourne og Dublin.

Bókmenntahátíð var haldin í Reykjavík 7. til 11. september og var helguð minningu Thors Vilhjálmssonar. Meðal erlendra gesta hátíðarinnar var Herta Müller, nóbelsverðlaunahafi í bókmenntum, en bók hennar, *Andarsláttur*, kom út á íslensku um þær mundir.

Þá var Ísland heiðursgestur á Bókamessunni í Frankfurt árið 2011, en hún hófst 11. október. Halldór Guðmundsson var skipaður framkvæmdastjóri verkefnisins, sem átti talsverðan aðdraganda; 300 milljónir króna voru veittar til þess og fjölmargir íslenskir höfundar fengu þar kynningu. Íslenski sýningarskálinn þótti afar vel heppnaður og vakti mikla athygli. Bókamessan er í rauninni vörusýning útgefenda en talið er að um 300 þúsund gestir sæki hana; hún hefur því mikið efnahagslegt gildi. Fjöldi íslenskra bóka hefur verið þýddur og gefinn út í Þýskalandi undanfarin ár en við þetta tækifæri eflist sú starfsemi enn. Arnaldur Indriðason ávarpaði opunarsamkomuna og sagði m.a.: „Við getum ekki boðið ykkur inn í glitfagrar konungshallir eða ferðir upp í hæstu skýjakljúfa heimsins, en við getum boðið ykkur inn í bókaheim okkar... Það er ekki síst nú á tímum hinna miklu verðlausu pappíra sem gott er að koma hingað til Frankfurt og snerta á raunverulegum verðmætum.“

Margir íslenskir höfundar fengu viðurkenningu á erlendri grundu þetta ár. Ófeigur Sigurðsson hlaut viðurkenningu Evrópusambandsins fyrir *Skáldsöguna um Jón og hans rituðu bréf til barnshafandi konu sinnar þá hann dvaldi í helli yfir vetur og undirbjó komu hennar og nýrra tíma*. Jón Kalman Stefánsson hlaut hin sænsku verðlaun sem kennd eru við Per Olov Enquist fyrir *Himnaríki og helvíti*. Gyrðir Elíasson hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir smásagnasafn sitt,

Milli trjánna, sem út kom á dönsku og fékk afar góða dóma í dönskum fjölmiðlum.

Af íslenskum verðlaunum má nefna að Fjöruverðlaunin 2011 fengu Agnieszka Nowak og Vala Þórsdóttir fyrir tvítyngdu barnabókina *Pankagöngu*, Kristín Steinsdóttir fyrir skáldsöguna *Ljósu* og Kristín Loftsdóttir fyrir fræðiritið *Konuna sem fékk spjót í höfuðið*.

Starfsfólk bókaverslana kýs þær bækur sem það telur skara fram úr af útgáfubókum ársins. Í desember 2011 varð niðurstaðan sem hér segir: Tvær bækur deildu fyrsta sæti sem besta skáldsagan: *Hjarta mannsins* eftir Jón Kalman Stefánsson og *Jójó* eftir Steinunni Sigurðardóttur. Besta þýdda skáldsagan var *Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf* eftir sænska höfundinn Jonas Jonasson. Besta íslenska barnabókin var valin *Flugan sem stöðvaði stríðið* eftir Bryndísi Björgvinsdóttur en *Dæmisögur Esóps* endursagðar fyrir börn voru besta erlenda barnabókin. Besta ljóðabókin var *Allt kom það nær* eftir Þorstein frá Hamri en besta ævisagan *Jarðlag í tímanum* eftir Hannes Pétursson. Besta handbókin eða fræðiritið var *Púsund og ein þjóðleið* eftir Jónas Kristjánsson.

Íslensku bókmenntaverðlaunin 2011 voru afhent 25. janúar 2012. Þau féllu í skaut Guðrúnu Evu Mínervudóttur fyrir skáldsöguna *Allt með kossi vekur* og Páli Björnssyni fyrir sagnfræðiritið *Jón forseti allur?*

Söluhæstu bækur ársins voru hins vegar sakamálasögur, *Brakið* eftir Yrsu Sigurðardóttur í fyrsta sæti og *Einvígið* eftir Arnald Indriðason í öðru.

Loks er þess að geta að svo virðist sem Guðrún frá Lundi sé loks farin að njóta verðskuldaðrar viðurkenningar fyrir sagnaskáldskap sinn. Var m.a. haldið vel heppnað málþing um hana í samkomuhúsinu Ketilási á æskuslóðum hennar í Fljótum í Skagafirði 2. ágúst undir yfirskriftinni: *Það er líf í Hrúttadal*.

BÚNAÐUR

Árið 2011 var á heildina litið erfitt til búskapar, einkum

norðanlands. Sláttur hófst víðast hvar um tveimur vikum seinna en í meðalári. Um miðjan júlí var þó sláttur hafinn á Suður- og Suðvesturlandi, í Eyjafirði og Skagafirði. Heyfengur varð lítill og kal víða í túnunum á Norður- og Norðausturlandi. Þurrakuldi varð mönnum víða til ama.

Heyfengur o.fl.

Talið er að rúlluhey og ferbaggar, pakkaðir í plast, hafi numið 1.807.314 rúmmetrum (1.976.496 árið áður). Annað vothey var 51.438 rúmmetrar (59.483 árið áður) og þurrhey 185.675 rúmmetrar (69.121 árið áður). – Frærækt nam 9,9 tonnum af óhúðuðu fræi (15,4 árið áður). Kornuppskera var 8.809 tonn (16.400 árið áður). Kornhálmur nam um 22.313 rúmmetrum. Hann er einkum notaður til svepparæktar en einnig sem undirburður undir nautgripi og hross. Byggrækt til kornframleiðslu hefur fest sig í sessi og hafa á fimmta þúsund hektarar verið lagðir undir hana undanfarin ár. Í góðum árum hafa fengist um 15.000 tonn af fóðurbyggi en árið 2011 var uppskeran nokkru minni vegna erfiðs árferðis. Bygg, hveiti, rúgur og repja eru einnig rækтуð til manneldis og fer sú ræktun vaxandi. Kynbætur á byggi eru stundaðar við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hveiti var ræktað í Belgsholti í Leirár- og Melasveit og á nokkrum stöðum á Suðurlandi, m.a. í Gunnarsholti. Repja var einnig rækтуð á Suðurlandi og allt austur í Hornafjörð. Á nokkrum stöðum var unnin repjuólfa úr fræinu, t.d. á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, en olíuna má bæði nota sem eldsneyti á vélar og í matargerð.

Uppskeyra

Kartöfluuppskeyra var minni en árið áður og talið að um 11.400 tonn af kartöflum hafi komið til nytja hjá þeim sem rækta þær til sölu (12.460 árið áður). Tómatuuppskeyra var 1.605 tonn (1.652 árið áður), gúrkuuppskeyra 1.581 tonn (1.458 árið áður), paprikuuppskeyra 229 tonn (186 árið áður), blómkálsuppskeyra 105 tonn (114 árið áður), gulrótauuppskeyra 778 tonn (612 árið áður), hvítkálsuppskeyra 449 tonn (425 árið áður), kínakálsuppskeyra 185 tonn (164 árið áður), spergilkálsuppskeyra 85 tonn (108 árið áður), gulrófnauppskeyra 778 tonn (833 árið

áður), salatuppskera 107 tonn (100 árið áður) og sveppauppskera 583 tonn (579 árið áður).

Ber spruttu mun seinna en venja er til og var vorkuldum kennt um. Minnst var um ber á Norður- og Austurlandi, meira á Suðvesturlandi og Vesturlandi en mest á Vestfjörðum.

Búfjáreign

Búfjáreign Íslendinga var í árslok 2011 (í svigum tölur frá 2010):

Nautgripir	72.773	(73.781)
Af þeim mjólkurkýr	25.661	(25.711)
Sauðfé	474.759	(479.605)
Hross	78.277	(77.196)
Svín	3.619	(3.615)
Varphænur	221.167	(174.515)
Minkar (fullorðin dýr)	40.225	(37.409)
Refir (fullorðin dýr)	2	(5)
Kanínur	193	(213)
Gæsir og endur	1.343	(1.346)
Kalkúnar	1.709	(2.305)
Geitur	818	(729)

Sláturafurðir, mjólk og fleira

Slátrað var 584.920 fjár í sláturhúsum (558.260 árið áður). Af því voru 533.100 dilkar (519.112 árið áður) og 45.710 fullorðið fé (36.153 árið áður).

Meðalfallþungi dilka var 15,78 kg, sem er 0,17 kg minni fallþungi en árið áður. Kindakjötsframleiðslan var 9.587 tonn (9.166 árið áður). – Slátrað var 21.165 nautgripum (21.385 árið áður). Nautgripakjöt var 3.858 tonn (3.895 árið áður). Slátrað var 7.087 hrossum (6.751 árið áður) og hrossakjöt var 879 tonn (799 árið áður). Slátrað var 75.974 svínum (79.830 árið áður) og var svínakjötsframleiðslan 6.044 tonn (6.158 árið áður). Alifuglakjötsframleiðsla var 7.241 tonn (6.905 árið áður).



Hornfirðingar hjá Viðborðsseli.

Útflutningur lifandi hrossa dróst saman frá árinu á undan. Út voru flutt 1.107 hross (1.275 árið áður). Mestur var útflutningurinn til Þýskalands, 425 hross.

Mjólkurframleiðsla var 124.462.110 lítrar hjá aðildarfélögum SAM – Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, (123.178.257 árið áður). Smjörframleiðsla var 1.623 tonn (1.576 árið áður), smjörvi 765 tonn (sama og árið áður). Framleidd voru 186 tonn af léttsmjóri (224 árið áður) og 31 tonn af klípu (35 árið áður).

Afurðahæsta kýr á landinu var Týra nr. 120 í Hraunkoti í Landbroti, hún mjólkaði 12.144 kg. Mestar afurðir í sauðfjárrækt á árinu, á búi með yfir 100 ær, voru hjá Eiríki Jónssyni í Gýgjarhólskoti í Árnessýslu, 38,3 kg á á.

Minkabú voru 23 (22 árið áður). Verð á minkaskinum var hátt á árinu og vaxandi áhugi erlendis á því að stofna til minkaræktar hér á landi.

Lax- og silungsveiði

Á veiðisumrinu 2011 var stangveiði í ám sú fjórða mesta frá

upphafi en meiri veiði var skráð árin 2008-2010. Alls veiddust 55.706 laxar á stöng en af þeim var 16.839 (30,2%) sleppt aftur og var heildarfjöldi landaðra stangveiddra laxa því 38.867. Skráð stangveiði ársins 2011 var 19.255 löxum og 25,7% minni en hún var á árinu 2010 en 36,6% yfir meðalstangveiði áráanna 1974-2010. Í netaveiði var aflinn 8.729 laxar sem var 7.174 löxum, 45,1%, minni en 2010 og 25,9% undir meðalveiði áráanna 1974-2010. Netaveiði er aðallega stunduð í jökulánum á Suðurlandi, Ölfusá og Hvítá, auk Þjórsár, en í Ölfusá veiddust í net alls 1.263 laxar (3.571 árið áður), 2.252 í Hvítá (3.571 árið áður) og 4.945 í Þjórsá (8.990 árið áður).

Mest laxveiði á stöng 2011 (miðað við veidda laxa) var í Ytri-Rangá og á vesturbakka Hólsár, alls 4.618 laxar (6.281 árið áður), Eystri-Rangá var í öðru sæti með 4.398 veidda laxa (6.211 árið áður). Miðfjarðará var í þriðja sæti með 2.365 laxa (4.050 árið áður), Norðurá var í fjórða sæti með 2.131 lax (2.271 árið áður) og Selá í Vopnafirði var í fimmta sæti með 2.053 (2.051 árið áður). Í næstu sætum þar á eftir komu Blanda, Langá, Þverá og Kjarrá, Haffjarðará og Breiðdalsá.

Veiðivötn gáfu langmestan silungsafla á stöng, 14.608 urriða (19.079 á fyrra ári) en 7.461 bleikju (10.634 á fyrra ári). Í öðru sæti yfir urriðasvæði var Laxá í Þingeyjarsýslu ofan brúa, 4.549 (3.988 árið áður) en í þriðja sæti Fremri-Laxá á Ásum með 3.622 urriða (3.376 árið áður). Bleikjuveiði var næstmest í Fljótaá, 1.978 fiskar. Á fyrra ári var Hlíðarvatn í öðru sæti með 2.626 fiska en sumarið 2011 lenti það í þriðja sæti með 1.567 fiska.

Ýmislegt

Sextánda búnaðarþing eftir sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda hófst í Reykjavík 6. mars. Jón Bjarnason, landbúnaðarráðherra, flutti ávarp við setningu þingsins. Haraldur Benediktsson var endurkjörinn formaður Bændasamtaka Íslands. Þingið áréttaði enn andstöðu bænda við inngöngu í ESB. Landbúnaðarverðlaunin fengu félagin Beint frá býli og Félag ferðaþjónustuaðila.

Landsmót hestamanna, hið tuttugasta í röðinni, var haldið í Reykjavík dagana 25. júní til 1. júlí í besta veðri.

Útflutningur

Á árinu 2011 jókst útflutningur á landbúnaðarafurðum um 10,5% frá árinu áður og nam 9.910 milljónum króna (8.970 árið áður). Útflutningur landbúnaðarvara skiptist þannig í milljónum króna árið 2011, í svigum eru tölur frá 2010:

Afurðir sláturdýra	4.548	(3.927)
Fiskeldisafurðir	3.314	(2.754)
Búfé	778	(902)
Afurðir annarra land- og sjávarnytja	390	(704)
Mjólk og mjólkurvörur	719	(548)
Aðrar landbúnaðarvörur	162	(133)

FORSETI ÍSLANDS

Forseti Íslands tók við undirskriftalistum gegn hinum síðari Icesave-samningum, er Alþingi hafði samþykkt skömmu áður, þann 18. febrúar og tveimur dögum síðar kynnti hann niðurstöðu sína um að vísa málinu til þjóðaratkvæðagreiðslu. Forsetinn blandaði sér talsvert í umræður um íslensk efnahags- og stjórnmál á árinu, fundaði m.a. með forsvarsmönnum Rio Tinto í Evrópu í lok apríl og ræddi um uppbyggingu áliðnaðar á Íslandi.

Í febrúar heimsótti forseti Íslands Páfagarð. Hann afhenti Benedikt XVI páfa afsteypu af stytta Ásmundar Sveinssonar af Guðríði Þorbarnardóttur og Snorra syni hennar. Styttan nefnist *Fyrsta hvíta móðirin í Ameríku*. Hún var upphaflega gerð fyrir heimssýninguna í New York. Auk páfa ræddi Ólafur Ragnar við forsætisráðherra Páfagarðs.

Forseti Slóveníu, dr. Danilo Turk, og eiginkona hans komu í opinbera heimsókn 2. maí og dvöldust hér á landi í tvo daga. Með forsetanum komu þrír ráðherrar. Forsetinn heimsótti Háskóla Íslands og Alþingi og fór til Pingvalla. – Forseti Litháens, dr. Dalia Grybauskaitė kom í opinbera heimsókn til forseta Íslands í ágúst. Heimsóknin var til minningar

um viðurkenningu Íslands á sjálfstæði Litháens 26. ágúst 1991. Haldin var athöfn í Höfða til þess að minnast þessarar viðurkenningar.

Þann 6. september tók forsetinn á móti forsætisráðherra Grænlands, Kuupik Kleist, og ræddi við hann um vaxandi samstarf landanna á ýmsum sviðum. 22. september sótti forsetinn ráðstefnu í Arkangelsk um málefni nordurslóða og átti fund með Vladimir Putin sem lýsti áhuga á samvinnu við Íslendinga á sviði vísinda og menningar.

Ólafur Ragnar Grímsson var valinn maður ársins af hlustendum Útvarps Sögu í árslok. Þá útnefndi fréttastofa Stöðvar 2 og Vísis Ólaf Ragnar einnig mann ársins 2011 í Kryddsíldarþætti Stöðvar 2 á gamlársdag 2011.

IÐNAÐUR

Verðmæti iðnvarnings nam 54,1% af heildarverðmæti útflutningsvöru árið 2011. Verklegar framkvæmdir voru sem fyrr takmarkaðar en lágt gengi íslensku krónunnar hafði hins vegar ýmsa kosti fyrir mörg íslensk iðnfyrirtæki. Árið 2011 voru t.d. gefnir út 690 bókatitlar á Íslandi og af þeim voru 68% prentuð innanlands en höfðu verið 73% árið áður. Hér hafði orðið veruleg breyting til hagsbóta fyrir íslensk fyrirtæki því árið 2007 höfðu komið út 780 titlar á Íslandi en af þeim voru aðeins 42,8% prentuð innanlands. Hagur stóriðju var allgóður en álfyrirtæki framleiddu alls um 806.000 tonn af áli 2011.

Útflutningur á iðnaðarvörum nam 335.479 milljónum á árinu 2011 en nam 311.012 milljónum króna árið áður. Helstu tegundir útflutnings í milljónum árið 2011 eru sem hér segir, tölur í svigum eru frá árinu á undan:

Ál og álafurðir	232.948	(222.435)
Kísiljárn	23.972	(18.791)
Lyf og lækningatæki	21.460	(21.846)
Aðrar iðnaðarvörur samtals	57.097	(44.137)

ÍBÚAR ÍSLANDS

Íbúatala landsins 1. janúar 2012 var 319.575 og hafði hækkað um 1.123 eða 0,4% frá sama tíma á fyrra ári; karlar voru 160.364 en konur 159.211. Alls fæddust 4.496 börn á árinu 2011, sem er nokkur fækkun frá síðasta ári því að þá fæddust 4.907 börn. Fæðingartíðni hefur þó heldur hækkað frá upphafi aldarinnar. Á árinu létust 1.985 manns en 2.017 létust á fyrra ári; fæddir umfram dána árið 2011 voru 2.511. Meðalævi Íslendinga lengist sífellt; árið 2011 voru ævilíkur drengja við fæðingu 79,9 ár en stúlkna 83,6 ár.

Erlendir ríkisborgarar voru 20.957 hinn 1. janúar 2012, eða 6,6% íbúafjöldans, en voru 25.593 um sama leyti á fyrra ári; hafði því fækkað um tæp 5.000. Af erlendum ríkisborgurum voru Pólverjar langfjölmenntastir, alls 9.049 einstaklingar.

Alls fluttust 6.982 af landi brott árið 2011 en 5.578 fluttust til landsins; brottfluttir umfram aðflutta voru samtals 1.404. Brottflutningur hafði þó minnkað verulega frá árinu áður, en 2010 fluttust 2.134 brott. Fólksfækkunar gætir mest á Norðurlandi vestra, um 2,6%, og á Vestfjörðum, um 1,2% en fólki fjölgar helst á Suðurnesjum, um 0,7%, og á höfuðborgarsvæðinu, um 0,6%.

Alls voru 75 sveitarfélög í landinu í byrjun árs 2012 en tæplega tveir þriðju hlutar þjóðarinnar bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar um íbúafjölda hinna ýmsu svæða fara hér á eftir en tölur fyrra árs eru birtar í svigum.

<i>Höfuðborgarsvæðið</i>	203.594	(202.341)
Reykjavík	118.814	(118.898)
Kópavogur	31.205	(30.779)
Seltjarnarnes	4.313	(4.320)
Garðabær	11.283	(10.909)
Hafnarfjörður	26.486	(26.099)
Sveitarfélagið Álftanes	2.419	(2.484)
Mosfellsbær	8.854	(8.642)
Kjósarhreppur	220	(210)
<i>Suðurnes</i>	21.242	(21.088)
Reykjanesbær	14.137	(13.971)

Grindavíkurbær	2.830	(2.821)
Sandgerði	1.672	(1.683)
Sveitarfélagið Garður	1.477	(1.452)
Sveitarfélagið Vogar	1.126	(1.161)
<i>Vesturland</i>	<i>15.368</i>	<i>(15.379)</i>
Akranes	6.592	(6.623)
Skorradalshreppur	60	(57)
Hvalfjarðarsveit	627	(617)
Borgarbyggð	3.470	(3.476)
Grundarfjarðarbær	899	(903)
Helgafellssveit	57	(61)
Stykkishólmur	1.108	(1.100)
Eyja- og Miklaholtshreppur	132	(135)
Snæfellsbær	1.737	(1.723)
Dalabyggð	686	(684)
<i>Vestfirðir</i>	<i>6.955</i>	<i>(7.037)</i>
Bolungarvík	889	(888)
Ísafjarðarbær	3.755	(3.824)
Reykholahreppur	271	(278)
Tálknafjarðarhreppur	276	(306)
Vesturbyggð	910	(890)
Súðavíkurhreppur	182	(192)
Árneshreppur	52	(52)
Kaldrananeshreppur	104	(106)
Strandabyggð	516	(501)
<i>Norðurland vestra</i>	<i>7.299</i>	<i>(7.493)</i>
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.024	(4.110)
Húnaþing vestra	1.187	(1.222)
Blönduóssbær	871	(904)
Sveitarfélagið Skagaströnd	504	(530)
Skagabyggð	104	(105)
Húnavatnshreppur	412	(417)
Akrahreppur	197	(205)



Reykjarfjörður í Arneshreppi, fámennasta sveitarfélagi landsins 2011.

<i>Norðurland eystra</i>	29.018	(29.006)
Akureyri	17.875	(17.754)
Norðurþing	2.884	(2.905)
Fjallabyggð	2.035	(2.030)
Dalvíkurbyggð	1.900	(1.960)
Eyjafjarðarsveit	1.031	(1.025)
Hörgársveit	584	(600)
Svalbarðsstrandarhreppur	390	(400)
Grýtubakkahreppur	350	(334)
Skútustaðahreppur	385	(386)
Tjörneshreppur	55	(57)
Pingeyjarsveit	915	(944)
Svalbarðshreppur	102	(106)
Langanesbyggð	512	(505)

<i>Austurland</i>	12.356	(12.306)
Seyðisfjörður	677	(668)
Fjarðabyggð	4.600	(4.583)
Vopnafjarðarhreppur	670	(668)
Fljótsdalshreppur	78	(80)
Borgarfjarðarhreppur	129	(141)
Breiðdalshreppur	190	(199)
Djúpavogshreppur	461	(447)
Fljótsdalshérað	3.408	(3.401)
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.143	(2.119)
<i>Suðurland</i>	23.743	(23.802)
Vestmannaeyjar	4.194	(4.142)
Sveitarfélagið Árborg	7.783	(7.827)
Mýrdalshreppur	459	(469)
Skaftárhreppur	443	(446)
Ásahreppur	204	(194)
Rangárþing eystra	1.741	(1.741)
Rangárþing ytra	1.504	(1.523)
Hrunamannahreppur	774	(795)
Hveragerði	2.283	(2.316)
Sveitarfélagið Ölfus	1.930	(1.915)
Grímsnes- og Grafningshreppur	416	(400)
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	504	(505)
Bláskógabyggð	906	(935)
Flóahreppur	602	(594)

ÍÞRÓTTIR

Badminton. Meistaramót Íslands fór fram í TBR- húsinu 9.–10. apríl. Magnús Ingi Helgason (TBR) varð Íslandsmeistari í karlaflokki, en Ragna Ingólfsdóttir (TBR) í kvennaflokki í níunda sinn. Magnús Ingi Helgason (TBR) og Helgi Jóhannesson (TBR) sigruðu í tvíliðaleik karla fimmta árið í röð en Ragna og Katrín Atladóttir (TBR) sigruðu í tvíliðaleik kvenna. Í tvenndarleik sigruðu Magnús Ingi og systir hans, Tinna Helgadóttir (TBR).

Blak. KA varð Íslandsmeistari í karlaflokki eftir sigur á HK: 3–2. KA-menn urðu líka bikarmeistarar í karlaflokki. Í kvennaflokki urðu stúlkurnar í Prótti á Neskaupstað þrefaldir meistarar. Þær urðu fyrst bikarmeistarar, síðan deildarmeistarar og loks Íslandsmeistarar. Á öllum vígstöðum urðu þær að vinna lið HK.

Borðtennis. Íslandsmótið fór fram í Reykjavík 5.–6. mars. Í einliðaleik varð Guðmundur E. Stephensen (Víkingi) Íslandsmeistari í karlaflokki átjándi árið í röð, en Halldóra Ólafs (Víkingi) í kvennaflokki. Í tvíliðaleik karla sigruðu Guðmundur E. Stephensen og Magnús K. Magnússon (Víkingi) og í tvíliðaleik kvenna systurnar Halldóra og Magnea Ólafs (Víkingi). Í tvenndarkeppni sigruðu hins vegar Einar Geirsson og Ásta Urbancic (KR).

Bridds. Íslandsmót í sveitakeppni í opnum flokki var haldið í Reykjavík í apríl og byrjun maí. Sveit Grants Thornton sigraði en aðeins tveimur stigum munaði á henni og sveit Sparisjóðs Siglufjarðar. Í þriðja sæti varð sveit Garðsapóteks og sveit Arons Þorfinnssonar í því fjórða.

Fimleikar. Íslandsmót var haldið dagana 12. og 13. mars. Íslandsmeistarar í fjölþraut urðu Thelma Rut Hermannsdóttir (Gerplu) í kvennaflokki og Viktor Kristmannsson (Gerplu) í karlaflokki, en hann sigraði níunda árið í röð. Keppnin var geysihörð og nýtt fólk kom fram á sjónarsviðið. Þannig sigraði Thelma Rut aðeins í einni grein í fjölþrautinni, stökki, en Jóhanna Raketel Jónasdóttir (Ármanni) sigraði á jafnvægisslá, Embla Jóhannesdóttir (Gróttu) í gólfæfingum og Dominiqua Belányi (Gróttu) á tvíslá. Viktor sigraði í tveimur greinum, í hringjum og á bogahesti, Róbert Kristmannsson (Gerplu) sigraði í stökki og gólfæfingum og Ólafur Gunnarsson (Gróttu) sigraði í æfingum á tvíslá. 16.–17. apríl var keppt í hópfimleikum. Gerpla sendi tvö lið í þá keppni og urðu þau í fyrsta og öðru sæti.

Gerpla sendi tvö lið til keppni í hópfimleikum á Norðurlandamóti sem haldið var í Larvik í Noregi í nóvember. Þar vann A-lið Gerplu gullverðlaun en B-liðið varð í sjötta sæti meðal níu keppenda.

Frjálsíþróttir. Meistaramót Íslands innanhúss var haldið í Laugardalshöll dagana 5.–6. febrúar. ÍR sigraði í flokkakeppni

og fékk 30.696 stig, HSK/Selfoss varð í öðru sæti með 14.102 stig en FH í þriðja sæti með 13.951 stig.

Víðavangshlaup ÍR var haldið í 96. sinn á sumardaginn fyrsta. Þátttakendur voru um 370. Sigurvegarar voru Arndís Ýr Hafþórsdóttir (Fjölni) í kvennaflokki á 18,31 mín. en Þórólfur Ingi Þórsson (ÍR) í karlaflokki á 17,16 mín.

46. bikarkeppnin í frjálsum íþróttum var haldin á Kópavogsvelli 12–13. ágúst. ÍR sigraði þriðja árið í röð og hlaut 170 stig. FH var í öðru sæti með 153 stig og Fjölnir/Ármann í því þriðja með 123 stig. Það var kvennalið ÍR sem mestu réð um heildarúrslitin. Þær fengu 86 stig. Í karlaflokki sigraði FH með 93 stig. Engin Íslandsmet voru sett á mótinu.

Reykjavíkumaraþon var haldið í laugardaginn 20. ágúst í góðu veðri. Sigurvegari í maraþonhlaupi karla var Arnar Pétursson á tímanum 2:44:18 en í maraþonhlaupi kvenna sigraði Veronika S. Bjarnardóttir á 3:02:42. Þátttaka hefur aldrei verið meiri, alls var 12.481 keppandi skráður í öllum vegalengdum; voru 10.444 árið á undan.

Keppt var í Evrópubikar 3. deildar seint í júní á Laugardalsvelli. Ísland keppti að því að ná í annað eða þriðja sætið og komast þannig upp um deild. Það tókst ekki og varð Ísland í 4. sæti. Ásdís Hjálmsdóttir var sú eina sem vann sína grein, spjótkast kvenna. Kristinn Torfason varð annar í langstökki karla, Helga Margrét Þorsteinsdóttir varð í öðru sæti í kúluvarpi kvenna og Hafdís Sigurðardóttir einnig í öðru sæti í langstökki kvenna. 15 þjóðir kepptu á mótinu og urðu Ísrael og Kýpur í efstu sætunum.

Norðurlandamót ungmenna var haldið í Danmörku helgina 3.–4. september. Aníta Hinriksdóttir, sem er 15 ára gömul, varð Norðurlandameistari í 800 m hlaupi í flokki 19 ára og yngri. Sveinbjörg Zophoníasdóttir, 19 ára gömul, varð Norðurlandameistari í langstökki.

Glíma. Íslandsglíman var háð á Reyðarfirði 2. apríl. Pétur Eypórsson (Ármanni) sigraði, hlaut Grettisbeltið og varð glímukóngur Íslands í sjötta sinn en Grettisbeltið var nú veitt í 101. sinn. Marín Laufey Davíðsdóttir (HSK) sigraði í svokallaðri Freyjuglímu, sem háð var í ellefta sinn, og hlaut Freyjumenið.

Þetta var fyrsti sigur hennar í Íslandsglímunni. Níu karlar og jafnmargar konur tóku þátt í mótinu að þessu sinni.

Golf. Íslandsmótið í höggleik var haldið á Hólmsvelli í Leiru í lok júlí. Axel Bóasson (Keili) varð Íslandsmeistari í karlaflokki og Ólöf Þórunn Gestsdóttir (GR) í kvennaflökki. – Í byrjun ágúst urðu þau Arnór Ingi Finnbjörnsson og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir úr GR Íslandsmeistarar í holukeppni á Strandarvelli á Hellu.

Handknattleikur. Akureyringar urðu deildarmeistarar í karlaflokki. FH varð í öðru sæti og Akureyri í því þriðja. FH-ingar urðu einnig Íslandsmeistarar í karlaflokki eftir sigur á Akureyr-ingum í úrslitakeppni.

Valur varð deildarmeistari í úrvalsdeild kvenna, Fram varð í öðru sæti og Stjarnan í því þriðja. Úrslitarimman var við Fram og sigraði Valur: 3–0. – Í úrslitaleik í bikarkeppninni í karlaflokki sigraði Valur Akureyri: 26–24. – Í bikarkeppni kvenna sigraði Fram Val með 25 mörkum gegn 22 í úrslitaleiknum.

Í júní tóku Íslendingar þátt í undirbúningskeppni fyrir Evrópukeppni í Serbíu 2012 í karlaflokki og lentu í 2. sæti í sínum riðli. Þjóðverjar unnu riðilinn með 9 stigum, Íslendingar fengu 8 stig, Austurríki 7 og Lettland ekkert stig. Íslendingar unnu Lettland heima 28–26 og á útivelli 29–25. Gegn Austurríki fóru leikar svo að Ísland vann heima 44–29 en tapaði útileiknum 28–23. Ísland og Þýskaland börðust um efsta sætið í riðlinum og skiptu með sér vinningum. Þýskaland vann sinn heimaleik 39–28 en Ísland vann hinn leikinn 36–31. Annað sætið dugði til þess að Ísland fór í Evrópukeppnina í Serbíu 2012.

Íslenska kvennalandsliðið tryggði sér sæti á heimsmeistaramótinu í Brasilíu í desember með því að gera jafntefli í umspilsleik gegn Úkraínu í Uzhorod 24–24. Fyrri leikurinn hafði unnist með 19 marka mun. Í keppninni komst íslenska liðið í 16 liða úrslit en tapaði þar fyrir Rússum: 30–19 og endaði í 12. sæti.

Íshokki. Skautafélag Akureyrar varð Íslandsmeistari í karlaflokki í íshokki í 15. sinn. Félagið sigraði Skautafélag Reykjavíkur í úrslitakeppni: 3–2. – Í annarri deild heimsmeistara-

mótsins sem haldið var í Zagreb í Króatíu varð íslenska sveitin í þriðja sæti og hreppti því bronsið.

Íþróttamaður ársins. Heiðar Helguson knattspyrnumaður hjá Queens Park Rangers var kjörinn íþróttamaður ársins 2011. Hann hlaut 229 stig. Kjörið var mjög jafnt en næst á eftir honum komu Ásdís Hjalmsdóttir spjótkastari með 199 stig og í þriðja sæti varð Jakob Örn Sigurðsson körfuknattleiksmaður með 161 stig.

Íþróttir fatlaðra. Íslandsmót Íþróttasambands fatlaðra fór fram í Hafnarfirði í lok mars. Keppt var í fimm íþróttagreinum: sundi, bogfimi, frjálsum íþróttum, lyftingum og borðtennis. – Tómas Björnsson (IFR) sigraði í standandi flokki karla í borðtennis en Sigurrós Karlsdóttir frá Akureyri í kvennaflokki.

Júdó. Á Norðurlandamóti sem haldið var í Noregi í maí fengu Íslendingar sjö gullverðlaun, tvenn silfurverðlaun og sex bronsverðlaun. Þorvaldur Blöndal varð Norðurlandameistari í mínus 100 kg flokki og í opnum flokki. Anna Soffía Víkingsdóttir sigraði í mínus 70 kg flokki kvenna.

Karate. Íslandsmeistaramót í kata fór fram í íþróttahúsi Hagaskóla 3. mars. Íslandsmeistari karla varð Kristján Helgi Carrasco (Víkíngi), en Íslandsmeistari kvenna varð Aðalheiður Rósa Harðardóttir (Karatefélagi Akraness). Íslandsmót í kumite var haldið 19. nóvember í Fylkissetrinu Norðlingaholti. Bestum árangri í kvennaflokki náði Telma Rut Frímansdóttir (Aftureldingu) en í karlaflokki Diego Björn Valencia (Víkíngi).

Knattspyrna. KR varð Íslandsmeistari í knattspyrnu karla utanhúss með 46 stig og markatöluna 44–22. Þetta er í 25. skipti sem KR verður Íslandsmeistari í karlaflokki. FH varð í öðru sæti með 44 stig og ÍBV í 3. sæti með 40 stig. Þór og Víkingur féllu úr deildinni. Akurnesingar sigruðu í 1. deild með 51 stig og Selfoss varð í 2. sæti með 43 stig Þessi lið fluttust í úrvalsdeild. Gróttta og HK urðu neðst í 2. deild.

Í úrvalsdeild kvenna sigraði Stjarnan með 51 stig og markatöluna 57–14. Valur varð í 2. sæti með 42 stig. ÍBV kom næst í 3. sæti með 34 stig. FH og Stjarnan sigruðu í 1. deild og flytjast í úrvalsdeild. Grindavík og Þróttur Reykjavík urðu neðst í 1. deild.

Garðar Jóhannsson (Stjörnunni) varð markakóngur í úrvalsdeild með 15 mörk. Atli Viðar Björnsson (FH) varð í 2. sæti með

13 mörk og Kjartan Henry Finnbogason (KR) í því þriðja með 12 mörk – Í úrvalsdeild kvenna varð Ashley Bares (Stjörnunni) markadrottning með 21 mark og Kristín Ýr Bjarnadóttir (Val) varð í öðru sæti með 14 mörk. – Hannes Þór Halldórsson (KR) og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir (Stjörnunni) voru valin leikmenn ársins, en Þórarinn Ingi Valdimarsson (ÍBV) og Hildur Antonsdóttir (Val) voru valin efnilegustu knattspyrnumennirnir.

KR sigraði í bikarkeppni karla í tólfta sinn. Úrslitaleikurinn var við Þór og sigraði KR 2–0. Baldur Sigurðsson skoraði annað markið en hitt var sjálfsmark Þórsara. Valur varð bikarmeistari kvenna, sigraði KR 2–0. Mörkin skoruðu Rakel Logadóttir og Kristín Ýr Bjarnadóttir.

Íslendingar léku á árinu sex landsleiki í undankeppni HM og riðu ekki feitum hesti frá þeim. Fyrst var útileikur gegn Kýpurbúum í Nikósíu 26. mars. Sá leikur endaði með markalausum jafntefli. – 4. júní var leikur við Dani á Laugardalsvelli sem Danir unnu 2–0. – Næst var leikur gegn Ungverjum í Búdapest 10. ágúst sem gekk enn verr en fyrri leikir því að Ungverjar unnu 4–0. – Næst var talað um slysalegt tap gegn Norðmönnum því að þeir sigruðu með einu mark gegn engu og var markið skorað með vítaspyrnu á 88. mínútu. Leikurinn fór fram á Ullevaalvöllinum í Ósló 2. september. – Næsti leikur, gegn Kýpur, var sá eini sem Ísland vann í þessari forkeppni EM. Hann fór fram á Laugardalsvelli 6. september. Kolbeinn Sigþórsson skoraði mark á 4. mínútu og vonuðust menn til að fleiri mörk fylgdu á eftir, en svo fór ekki og vann Ísland þar með leikinn 1–0. – Síðasti leikur Íslands í þessari keppni var háður í Porto 7. október gegn stjörnum prýddu liði Portúgals. Þeir komust í 3–0 fyrir hlé, en í seinni hálfleik tókst Íslendingum líka að skora þrjú mörk en það dugði skammt, því að Portúgalar bættu tveimur mörkum við og unnu því 5–3. Mörk Íslands skoruðu Hallgrímur Jónasson (2) og Gylfi Sigurðsson. Ísland varð næstnedst í sínum riðli með þrjú stig. Danir sigruðu með 19 stig.

Íslenska kvennalandsliðið lék fimm leiki í sínum riðli í undankeppni EM. Fyrst var leikið gegn Búlgurum á Laugardalsvelli 19. maí og vannst sá leikur: 2–0. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði 4 mörk en Hólmfríður Magnúsdóttir og

Sara Björk Gunnarsdóttir sitt markið hvor. – Næst var leikið í Noregi 17. september og vann Ísland þann leik: 3–1. Hólmfríður Magnúsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir skorðu mörkin. – 21. september fór fram leikur á Laugardalsvelli milli Íslands og Belgíu og endaði hann með markalausum jafntefli. – Í næsta leik, 22. október, unnu Íslendingar nauman sigur á Búlgaríu í borginni Pápa 1–0. Markið skoraði Dóra María Lárusdóttir. – Síðasti leikur Íslendinga í undankeppni EM á þessu ári var gegn Norður-Írlandi í Belfast, 26. október. Íslendingar unnu 2–0 og mörkin skorðu Hólmfríður Magnúsdóttir og Dagný Brynjarsdóttir.

Íslandsmeistarar KR urðu annað íslenska liðið sem náði að komast í 3. umferð í Evrópukeppni meistaraliða. Þeir unnu fyrst lið Fuglafjarðar 3–1 í Færeyjum og síðan 5–1 heima. Næst keppti liðið við Zilina frá Slóvakíu heima á KR-vellinum og vann: 3–0 en tapaði síðan í Slóvakíu: 0–2. Í þriðju umferð var keppt við Dinamo Tbilisi frá Georgíu og tapaðist fyrri leikurinn heima: 1–4. Seinni leikurinn reyndist auðveldur sigur fyrir Georgíumennina: 2–0. – Í meistaradeild Evrópu kepptu Breiðabliksmenn við Rosenborg í Þrándheimi. Norðmennirnir byrjuðu með því að vinna Blikana 5–0 á heimavelli sínum, en Blikarnir náðu að vinna Rosenborg heima: 2–0. – Vestmannaeyingar kepptu við írsku liðið St.Patrick's Athletics og unnu heimaleikinn: 1–0 en töpuðu á Írlandi: 0–2. – FH lenti á móti portúgölsku liði, Nacional, og gerðu jafntefli við það í fyrri leiknum: 1–1, en tapaði hinum síðari: 0–2.

Nokkrir tugir íslenskra knattspyrnumanna, karla og kvenna, voru í atvinnumennsku erlendis á árinu. Flestir voru á Bretlandi og í Noregi. Af körlum náði Kolbeinn Sigþórsson lengst, en hann lék með hollenska liðinu Ajax í meistaradeild Evrópu. Hann varð síðan fyrir því óláni í október að fótbrotna í leik og gat því ekki leikið fótbolta síðustu mánuði ársins. Tvær konur, Sara Björk Gunnarsdóttir og Þóra Björg Helgadóttir, urðu sænskir meistarar með liði sínu Örebro. Þóra Björg í annað sinn en Sara Björk var á sínu fyrsta ári.

Grétar Rafn Steinsson lék með Bolton í ensku úrvalsdeildinni, Heiðar Helguson í B-deild með QPR, Aron Einar Gunnars-

son með Coventry og síðan Cardiff City í B-deildinni. Eggert Gunnþór Jónsson var fastamaður í skoska 1. deildarliðinu Hearts fjórða keppnistímabilið í röð. Þá léku þeir Guðlaugur Victor Pálsson og Kári Árnason með skoskum liðum, Hibernian og Aberdeen. Eiður Smári Guðjohnsen byrjaði keppnistímabilið hjá Fulham en var seldur þaðan til AEK-Aþenu. Hann lenti í hörðum árekstri við markvörð Olympiacos og fótbrotnaði. Var þar með lokið keppni hans árið 2011. Margrét Lára Viðarsdóttir lék í sænsku knattspyrnunni með liðinu Kristianstad, en samdi í lok tímabilsins við Þýska stórliðið Potsdam Turbina og mun hefja feril sinn þar í ársbyrjun 2012.

Körfuknattleikur. Deildarmeistaratitilinn í karlaflokki vann lið Snæfells en KR-ingar urðu Íslandsmeistarar eftir sigur á Stjörnunni: 3–1. Í lokaleiknum sigraði KR Stjörnuna: 109–95. – Í kvennaflokki varð lið Hamars deildarmeistarar en Keflvíkingar urðu Íslandsmeistarar eftir 3–0 sigur á Njarðvík. – KR varð bikarmeistari í karlaflokki, vann Grindavík: 94–72. Í kvennaflokki unnu Keflvíkingar bikarinn með sigri á KR: 72–62. Bestu leikmenn ársins voru valin Margrét Kara Sturludóttir og Pavel Ermolinskij, bæði í KR.

Kraftlyftingar. Íslandsmót í opnum flokki var haldið um miðjan mars í Njarðvík. Fannar Dagbjartsson (Breiðabliki) varð Íslandsmeistari í karlaflokki. Hann lyfti alls 835 kg. María Guðsteinsdóttir (Ármani) sigraði í kvennaflokki. Hún lyfti samtals 422,5 kg. Stigahæst félagi varð Ármann. Íslandsmeistaramót í réttstöðulyftu fór fram á Selfossi í desember og þar náðu María Guðsteinsdóttir og Stefán Blackburn bestum árangri. Breiðablik varð þar í fyrsta sæti liða.

Skák. Skákþing Íslands var haldið í lok apríl. Héðinn Steingrímsson sigraði í landsliðsflokki. Hann hefur nú tvisvar orðið Íslandsmeistari. Í fyrra sinnið var það árið 1990, en þá var Héðinn aðeins 15 ára og er hann yngsti maður sem orðið hefur Íslandsmeistari í skák. Skákþing Íslands í kvennaflokki fór hins vegar fram um miðjan nóvember og þar varð Elsa María Kristínardóttir Íslandsmeistari. Þótti það nokkuð óvæntur en verðskuldaður sigur. Reykjavíkurskák mótið var haldið í mars. Sigurvegari þar varð Yuriy Kuzubov frá Úkraínu.

Skíðatíróttir. Skíðamót Íslands var haldið í Bláfjöllum í byrjun apríl. Þetta var fyrsta skíðamót Íslands í Reykjavík í 11 ár. Björgvin Björgvinsson frá Dalvík varð fjórfaldur Íslandsmeistari í alpagreinum, en það eru svig, stórsvig, alpatvíkeppni og samhliða svig. Alls hefur Björgvin unnið 34 Íslandsmeistaratitla á sínum ferli. Íris Guðmundsdóttir frá Akureyri fékk þrenn gullverðlaun í alpagreinum, þ.e. svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni. Í samhliða svigi sigraði María Guðmundsdóttir, einnig frá Akureyri. Í 15 km göngu sigraði Brynjar Leó Kristinsson frá Akureyri og Magnea Guðbjörnsdóttir frá Ólafsfirði sigraði í 10 km göngu kvenna. Veronika Lagun frá Akureyri sigraði í hefðbundinni styttri göngu kvenna, en Sævar Birgisson frá Ólafsfirði í göngu karla. Ólafsfirðingar hlutu flest verðlaun í göngu, alls 16, þegar allir aldursflokkar eru taldir með.

Skotfimi. Íslandsmót Skotsambands Íslands var haldið í byrjun maí. Ásgeir Sigurgeirsson varð Íslandsmeistari karla með loftskammbyssu og Jórunn Harðardóttir Íslandsmeistari kvenna, einnig með loftskammbyssu.

Skvass (veggtennis). Íslandsmót var haldið í Reykjavík 16.–17. apríl. Róbert Fannar Halldórsson sigraði í karlaflokki í 4. sinn. Hann vann sigur á Þorbirni Jónssyni í úrslitaleik um efsta sætið. Rósa Jónsdóttir sigraði í kvennaflokki í níunda sinn. Hún vann sigur á Dagnýju Ívarsdóttur í úrslitaleik.

Skylmingar. Norðurlandamót í skylmingum var haldið í Danmörku 12.–13. mars. Íslensku keppendunum gekk vel og náðu þeir 20 verðlaunapeningum, 6 gull, 6 silfur og 8 brons. Þorbjörg Ágústsdóttir varð þar Norðurlandameistari í kvennaflokki.

Smáþjóðaleikarnir. Íslendingar unnu marga góða sigra á leikunum sem haldnir voru í Liechtenstein í lok maí og byrjun júní. Á fyrsta degi unnu þeir fern gullverðlaun í sundi og ein í júdí. Þá unnu þeir fern silfurverðlaun og fimm bronsverðlaun. Alls unnu Íslendingar 40 verðlaun. Mesta afrek Íslendinga var í 1.500 m skriðsundi, en þar setti Anton Sveinn McKee nýtt Íslandsmet 15:49,11. Gamla metið var 15:49,61.

Sund. Bikarkeppni Sundsambands Íslands fór fram í Reykjanesbæ 11.–12. mars. Keppni var mjög hörð og fór svo að Sundfélagið Ægir varð bikarmeistari í kvennaflokki eftir

harða keppni við Reyknesinga. Í karlaflokki sigraði hins vegar Sundfélag Hafnarfjarðar. Besta afrek mótsins vann Eygló Ósk Gústafsdóttir en hún setti Íslandsmet í 200 baksundi, 2:17,88.

Íslandsmót í 50 m laug fór fram í Laugardalslaug dagana 9.–10. apríl. Helstu afrek voru þau að Erla Dögg Haraldsdóttir setti tvö Íslandsmet. Annað var í 200 m fjórsundi, 2:18,45, og hitt var í 50 m bringusundi, 0:31,96. Jakob Jóhann Sveinsson fékk flesta verðlaunapeninga á þessu móti þó að hann hafi ekki sett ný met.

Anton Sveinn McKee bætti 22 ára gamalt Íslandsmet í 800 m skriðsundi á móti í Stokkhólmi seint í mars. Hann synti á tímanum 8:24,54. Á sama móti bætti Eygló Ósk Gústafsdóttir Íslandsmet sitt í 200 m baksundi, 2:17,83. Evrópumeistaramót unglunga var haldið í Serbíu í júlí. Þar bætti Eygló Ósk met sitt í 200 m baksundi, 2:14,95, og fékk silfurverðlaun. Þá bætti Anton Sveinn Íslandsmet sitt í 800 m skriðsundi, synti á 8.15,66. Enn fremur setti hann Íslandsmet í 400 m fjórsundi, 4.30,15 en varð í 13. sæti í báðum greinum.

Íslandsmeistaramót í 25 m laug var haldið í Laugardalslaug 10.–13. nóvember. Þar setti m.a. Inga Elín Cryer Íslandsmet í 800 m skriðsundi og 200 m flugsundi; Anton Sveinn McKee setti Íslandsmet í 1500 m skriðsundi og Ragnheiður Ragnarsdóttir í 100 m fjórsundi.

Tennis. Íslandsmót í tennis innanhúss var haldið í Tennishöllinni í Kópavogi 14.–20. apríl. Andri Jónsson varð Íslandsmeistari í karlaflokki en Hjördís Rósa Guðmundsdóttir bæði í einliðaleik og tvíliðaleik kvenna.

KIRKJAN

Prestastefnan var haldin í Reykjavík í byrjun maí. Setningarathöfn stefnunnar var að þessu sinni í hátíðarsal Háskólans. Tilefni þess var það að 100 ár voru liðin frá stofnun Háskólans en guðfræðideild var ein af þremur deildum hans. „Kirkja á krossgötum“ var yfirskrift prestastefnunnar en á dagskrá var umræða um trú og kirkju í samtímanum, þjónustu kirkjunnar um allt land, sjálfboðið starf í kirkjunni og barnastarf hennar.

Biskup ræddi einnig um versnandi fjárhag kirkunnar. Hún stæði frammi fyrir um 300 milljóna króna niðurskurði á næsta ári. Hann sagðist einnig hafa áhyggjur af atvinnumöguleikum guðfræðinema.

Aukakirkjuþing var haldið um miðjan júní. Fjallað var um rannsóknarskýrslu vegna mála herra Ólafs Skúlasonar biskups. Þingið áréttaði stuðning við herra Karl Sigurbjörnsson biskup en taldi að kirkjan hefði misst nokkurt traust með þjóðinni út af málum Ólafs. Þingið ákvað að biðja Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur afsökunar á meðferð kirkjunnar á hennar málum. Auk þess að biðja konurnar, sem kært höfðu Ólaf Skúlason afsökunar, var ákveðið að greiða þeim um 16 milljónir í miskabætur.

Kirkjuþing, hið 42. í röðinni, var haldið í Grensáskirkju í Reykjavík í nóvember. Fyrir þinginu lágu m.a. tillögur sérstakrar úrbótanefndar um bætt vinnubrögð innan kirkjunnar. Á þinginu voru m.a. samþykktar breytingar á reglum um biskupskjör þar sem áhrif leikmanna voru aukin verulega. Þá var skýrt kveðið á um það í ályktun að kirkjan líður ekki kynferðisbrot og leggur áherslu á að efla fræðslu og forvarnir á því sviði.

Vegna fráfalls séra Sigurðar Sigurðarsonar var starf vígslubiskups í Skálholti laust. Fimm prestar sóttu um embættið. Þeir voru: Séra Agnes M. Sigurðardóttir, séra Jón Dalbú Hróbjartsson, séra Karl V. Matthíasson, séra Kristján Valur Ingólfsson og séra Sigrún Óskarsdóttir. Kosningunni lauk 18. apríl og urðu úrslitin þau að Sigrún Óskarsdóttir hlaut flest atkvæði eða 40. Jón Dalbú kom næstur með 35 atkvæði, Agnes M. Sigurðardóttir fékk 34 atkvæði, Kristján Valur fékk 27 og Karl V. Matthíasson 13. Alls kusu 148 eða 98,6%. Þar sem enginn frambjóðenda hlaut 50% atkvæða varð að koma til sérstök kosning milli tveggja efstu. Af því varð þó ekki að sinni því að krafist var aukakosninga, þar sem tveir atkvæðaseðlar komu of seint fram Þeir hefðu getað fleytt séra Agnesi í 2. sætið. Við nýjar kosningar fékk Sigrún Óskarsdóttir 39 atkvæði, Kristján Valur Ingólfsson 37 og séra Agnes M. Sigurðardóttir einnig 37. Hlutkesti réð því að kosið var milli Kristjáns Vals og Sigrúnar og varð Kristján hlutskarpari, hlaut 80 atkvæði en Sigrún 61. Var hann vígður í Skálholtskirkju 18. september.

MANNALÁT

Nokkur úr hópi látinna (getið er starfs sem hinn látni er einkum þekktur fyrir).

1. jan.: Páll Gíslason læknir og borgarfulltrúi
f. 3. október 1924.
2. jan. Jón Laxdal Arnalds ráðuneytisstjóri
f. 28. janúar 1935.
5. jan. Helga Sigurjónsdóttir kennari og bæjarfulltrúi í
Kópavogi
f. 13. september 1936.
7. jan. Helga Bachmann leikkona
f. 24. júlí 1931.
7. jan. Páll Arason ferðamálafrömuður
f. 2. júlí 1915.
8. jan. Skúli Norðdahl arkitekt
f. 29. júní 1924.
14. jan. Helgi Garðarsson ljósmyndari á Eskifirði
f. 20. nóvember 1938.
23. jan. Jón Sveinbjörn Arnþórsson stofnandi
Iðnaðarsafnsins á Akureyri.
f. 3. nóvember 1931.
26. jan. Jón Valgeir Gunnarsson veitingamaður
f. 27. ágúst 1965.
27. jan. Gunnar Valgeirsson yfirflugvirki
f. 30. júní 1930.
28. jan. Hallberg Hallmundsson rithöfundur
f. 29. október 1930.

1. febr. Guðmundur Runólfsson útgerðarmaður í Grundarfirði
f. 9. október 1920.
4. febr Herdís Vigfúsdóttir kennari
f. 10. september 1925.
8. febr. Þórður Friðjónsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar
f. 2. janúar 1952.
11. febr. Ingibjörg Jóhannsdóttir ræðismannsfrú í Prag
f. 31. október 1949.

15. febr. Kristján Ágúst Flygenring verkfræðingur
f. 29. júní 1927.
15. febr. Séra Lárus Halldórsson sóknarprestur
f. 10. október 1920.
17. febr. Kalman Stefánsson bóndi í Kalmanstungu
f. 28. mars 1935.
17. febr. Jón Sigurðsson hornleikari
f. 31. ágúst 1914.
18. febr. Elfar Berg Sigurðsson hljómlistarmaður
f. 21. mars 1939.
20. febr. Bjarni Arason héraðsráðunautur og formaður
Þjóðvarnarflokks Íslands
f. 3. júlí 1921.
21. febr. Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður
f. 16. júní 1922.
22. febr. Sigríður Heiðberg umsjónarkona Kattholts
f. 30. mars 1938.
23. febr. Karvel Pálmason alþingismaður
f. 13. júlí 1936.
26. febr. Kristinn Ó. Guðmundsson lögfr. og bæjarstjóri í
Hafnarfirði
f. 2. nóvember 1924.
28. febr. Séra Ingimar Ingimarsson sóknarprestur
f. 24. ágúst 1929.
3. mars Thor Vilhjálmsson rithöfundur
f. 12. ágúst 1925.
4. mars Haukur Heiðar bankamaður
f. 10. janúar 1929.
4. mars Robert G. Cook prófessor við Háskóla Íslands
f. 25. nóvember 1932.
11. mars Ragnar Georgsson skólastjóri
f. 27. júlí 1923.
15. mars Hörður G. Albertsson lögfr. og forstjóri
f. 28. maí 1928.
16. mars Ruth Tryggvason kaupmaður á Ísafirði
f. 16. maí 1921.

17. mars Séra Jón Bjarman sóknarprestur
f. 13. janúar 1933.
19. mars Steindór Gunnarsson lögfræðingur á Akureyri
f. 30. mars 1947.
21. mars Anna Björk Magnúsdóttir háls-, nef- og eyrnalæknir
f. 21. apríl 1961.
24. mars Margrét Ólafsdóttir leikkona
f. 12. júní 1931.
25. mars Þórey Einarsdóttir enskukennari
f. 21. apríl 1955.
27. mars Sigurður Magnússon kaupmaður
f. 2. júní 1928.
2. apríl Carl A. Bergmann úrsmiður
f. 10. nóvember 1926.
3. apríl Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður
f. 8. janúar 1924.
7. apríl Þormóður Torfason afgreiðslustjóri á dbl. Vísi
f. 26 júní 1918.
9. apríl Ragnar J. Ragnarsson flugmaður
f. 30. júlí 1945.
14. apríl Ástríður H. Andersen sendiherrafrú
f. 4. desember 1918.
16. apríl Ingólfur Margeirsson blaðamaður og rithöfundur
f. 4. maí 1948.
18. apríl Marteinn Friðriksson framkvæmdastjóri, Sauðárkróki
f. 22. júní 1924.
19. apríl Gunnar Hafsteinn Bjarnason verkfræðingur
f. 22. september 1927.
20. apríl Sæbjörn Valdimarsson kvikmyndagagnrýnandi
f. 23. október 1944.
21. apríl Gylfi Gunnarsson endurskoðandi
f. 2. júlí 1943.
24. apríl Kristján Sigurbjarnarson verkfræðingur
f. 11. janúar 1950.
4. maí Ingibjörg Jónsdóttir foringi í Hjalpræðishernum
f. 5. maí 1921.

7. maí Páll Þórðarson lögfræðingur
f. 10. ágúst 1944.
8. maí Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður
f. 15. september 1935.
10. maí Bjarni Ólafsson lektor
f. 3. ágúst 1923.
12. maí Jón Kr. Sólnes hæstaréttarlögmaður
f. 17. júní 1948.
13. maí Erling Edwald lyfjafræðingur
f. 16. janúar 1921.
15. maí Zóphónías Pálsson skipulagsstjóri ríkisins
f. 17. apríl 1915.
16. maí Þórunna Tómasdóttir Gröndal menntaskólakennari
f. 17. desember 1945.
21. maí Rafn Hafnfjörð ljósmyndari
f. 21. desember 1928.
20. maí Jónas Magnússon kaupm. á Ísafirði
f. 31. janúar 1916.
27. maí Þorsteinn Sigurðsson talkennari
f. 22. nóvember 1926.
7. júní Steinunn Ingimundardóttir skólastj. á Varmalandi
f. 29. mars 1925.
11. júní Friðrik Jens Friðriksson héraðslæknir
f. 17. febrúar 1923.
11. júní Ómar Árnason cand. act.
f. 9. apríl 1936.
12. júní Ólafur Gaukur Þórhallsson tónlistarmaður
f. 11. ágúst 1930.
12. júní Hans Ploder fagottleikari
f. 21. ágúst 1927.
15. júní Knútur Jeppesen arkitekt
f. 10. desember 1930.
15. júní Ragnar Borg framkvæmdastjóri
f. 4. apríl 1921.
16. júní Tómas Helgason búfræðingur og bókasafnari
f. 21. apríl 1918.
18. júní Georg Guðni Hauksson listmálari
f. 1. janúar 1961.

19. júní Sveinn Sæmundsson endurskoðandi
f. 22. nóvember 1939.
23. júní Leópol J. Jóhannesson veitingamaður
f. 16. júlí 1917.
24. júní Jóhann Pálsson forstöðum. Hvítasunnnumanna á
Akureyri
f. 28. nóvember 1920.
28. júní Arnór Pétursson form. Íþróttafélags fatlaðra
f. 22. nóvember 1954.
30. júní Sigbrúður Pálsdóttir myndlistarmaður
f. 22. nóvember 1954.
9. júlí Alma Þórarinsson læknir
f. 12. ágúst 1922.
12. júlí Sævar Marinó Ciesielski
f. 6. júlí 1955.
17. júlí Jón Pétursson eðlisfræðingur
f. 7. september 1946.
23. júlí Egill Jónsson Stardal sagnfræðingur og kennari
f. 14. september 1926.
27. júlí Róbert Dan Jensson forstöðum. Sjómaelinga Ísl.
f. 2. júlí 1935.
27. júlí Óskar Ágústsson íþróttakennari á Laugum
f. 8. nóvember 1920.
3. ágúst Gunnar J. Friðriksson iðnrekandi
f. 12. maí 1921.
3. ágúst Margrét Hannesdóttir frá Kvískerjum
f. 15. júlí 1904, næstelst Íslendinga.
4. ágúst Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri
f. 10. júlí 1927.
8. ágúst Unnur Stefánsdóttir leikskólakennari
f. 18. janúar 1951.
9. ágúst Magnús Karl Pétursson læknir
f. 7. ágúst 1935.
10. ágúst Ragna Ólafsdóttir skólustjóri í Melaskóla
f. 7. maí 1944.
14. ágúst Ómar Konráðsson tannlæknir
f. 13. júní 1935.

20. ágúst Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur
f. 25. september 1937.
22. ágúst Gunnar Dal skáld og rithöfundur
f. 4. júní 1923.
22. ágúst Torfhildur Torfadóttir húsfreyja á Ísafirði
f. 24. maí 1904. Elsti Íslendingurinn.
22. ágúst Sigurður Markússon stjórnarformaður SÍS
f. 16. september 1929.
1. sept. Páll Ásgeir Tryggvason sendiherra
f. 19. febrúar 1922.
3. sept. Sigríður P. Valgeirsdóttir prófessor við
Kennaraháskólann
f. 15. nóv. 1915.
9. sept. Stefán Guðmundsson alþingismaður
f. 24. maí 1932.
19. sept. Ágúst Ármann Þorláksson tónlistarmaður
f. 23. febrúar 1950.
7. okt. Halldór Bjarnason kennari
f. 15. nóv. 1940.
13. okt. Páll Hersteinsson prófessor við Háskóla Íslands
f. 22. mars 1951.
18. okt. Emil H. Eyjólfsson frönskukennari
f. 9. nóvember 1935.
24. okt. Gunnar Egilson klarínnettuleikari
f. 13. júní 1927.
24. okt. Sigurgeir Scheving leikstjóri
f. 8. janúar 1935.
26. okt. Sigþór Sigurjónsson veitingamaður
f. 12. júlí 1948.
27. okt. Óli Tynes fréttamaður
f. 23. desember 1944.
28. okt. Einar B. Pálsson byggingarverkfr. og prófessor
f. 29. febrúar 1912.
31. okt. Eiríkur Guðnason, seðlabankastjóri
f. 3. apríl 1945.
3. nóv. Ólafur Oddsson menntaskólakennari

- f. 13. maí 1943.
6. nóv. Ólafur H. Óskarsson landfræðingur og skólastjóri
f. 17. mars 1933.
9. nóv. Matthías Á. Matthiesen alþingismaður
f. 6. ágúst 1931.
12. nóv. Páll Heiðar Jónsson útvarpsmaður
f. 16. febrúar 1934.
21. nóv. Oddur Björnsson leikskáld
f. 25. október 1932.
22. nóv. Jónas Jónasson útvarpsmaður
f. 3. maí 1931.
24. nóv. Fjölur Stefánsson skólastjóri Tónlistarskóla
Kópavogs
f. 9. október 1930.
25. nóv. Jón Aðalsteinn Jónasson framkvæmdastjóri
f. 18. nóvember 1926.
27. nóv. Ingibjörg Rafnar hæstaréttarlögmaður
f. 6. júní 1950.
4. des. Ólafur Þórðarson tónlistarmaður
f. 16. ágúst 1949.
10. des. Gunnar Valdimarsson fornbókasali
f. 25. maí 1924.
17. des. Eyjólfur Martinsson framkvæmdastjóri
f. 23. maí 1937.
19. des. Leó M. Jónsson tæknifræðingur
f. 7. mars 1942.
20. des. Björn Jónsson sóknarprestur, Akranesi
f. 7. október 1927.
20. des. Gísli V. Einarsson forstjóri
f. 14. júní 1931.
20. des. Oddur C. S. Thorarensen apótekari
f. 26 apríl 1925.
21. des. Einar Olgeirsson hóteltjóri
f. 2. desember 1934.
24. des. Ágúst Einarsson forstjóri
f. 18. ágúst 1948.



Grímsvatnaeldstöðin í september 2011.

NÁTTÚRA ÍSLANDS

Eldgos

Um klukkan 18.00 laugardagskvöldið 21. maí hófst mikið öskugos í Grímsvötnum, sem er megineldstöð undir Vatnajökli. Varð fljótlega ljóst að þetta var tífalt meira gos en gosið í Eyjafjallajökli árið áður. Ösku rigndi niður yfir svæði sem náði frá Eyjafirði og til Reykjaness. Mest varð öskufallið á Kirkjubæjarklaustri en það var líka mikið í Álftaveri, í Mýrdal og á Mýrdalssandi. Björgunarsveitir voru kallaðar út til að bjarga fólki og fénaði af verstu foksvæðunum. Rannsóknarmenn töldu að gosmökkurinn hefði í byrjun farið í 20 km hæð, en hann lækkaði fljótlega því að skjótt dró úr gosvirkninni. Menn töldu að mjög hefði dregið úr henni eftir þrjá sólarhringa eða 24. maí. Vísindamenn sögðu að gosinu hefði lokið kl. 07:30 þann 28. maí og það því staðið yfir í sex og hálfan sólarhring. Ekkert flug var yfir Íslandi 22. maí og nokkur truflun varð á flugi í Skotlandi. Talið er að um 500 flugferðum hafi verið aflýst vegna gossins. Það var auðvitað lán í óláni að austanátt var ríkjandi gosdagana, svo að öskumökkurinn fór til vesturs yfir Atlantshaf. Talið er að gos í Grímsvötnum hafi verið a.m.k. tíu á 20. öld.

Hlaup, flóð og skriður

Hlaup kom í Múlakvísl 9. júlí og tók af þjóðveginn og brúna yfir kvíslina. Talið er að hlaupið hafi stafað af jarðhitavatni frekar en gosi undir Mýrdalsjökli. Strax var byrjað á því að smíða 150 m langa bráðabirgðabrú yfir ána og var því verki lokið á viku. Ferðamönnum var hjálpað til að komast áfram með því að ferja smærri bíla yfir ána eða fara Fjallabaksleið nyrðri. – Hágöngulón fylltist við jökulhlaup úr vestanverðum Vatnajökli 13. júlí. Órói myndaðist undir jöklinum. – Eftir miklar rigningar í október féll mikil skriða úr fjalli í Torfufellsdal í Eyjafirði.

Jarðskjálftar

27. febrúar varð jarðskjálfti upp á 4,2 stig á Richter. Hann átti upptök sín við Kleifarvatn og fannst víða á Reykjavíkursvæðinu



Gosmökkur yfir Skálabæjum undir Eyjafjöllum.

en mest í Krýsuvík. – Á sama svæði varð annar jarðskjálfti 2. mars, 3,7 að styrkleika. – Jarðskjálftavirkni var nokkur undir Eyjafjallajökli dagana fyrir eldgosid. — Jarðskjálfti, 2,6 stig á Richter, mældist í Kötlu 13. júlí. – 16. ágúst varð svo jarðskjálfti upp á 3,7 stig á Richter 2,6 km frá Grindavík.

Um haustið hófst svo nýr kafli í íslensku jarðskjálftasögu er niðurdæling á affallsvatni frá Hellsheiðarvirkjun olli langvarandi jarðskjálftahrinum á Hengilssvæði. Varð þeirra vart allt frá Mosfellssveit og austur að Hvolsvelli og var sá mesti 3,4 stig. Orkuveitan hugðist halda áfram niðurdælingu en íbúar í Ölfusi og Hveragerði mótmæltu því harðlega.

Dýraríkið

Fjórði ísbjörninn á þremur árum var skotinn í Rekavík bak Horn 2. maí. Sjómenn á bát frá Ísafirði urðu fyrstir bjarndýrsins varir. Að beiðni Umhverfisstofnunar var fengin þyrta á svæðið og tveir skotmenn. Björninn var síðan skotinn úr þyrllunni. Þetta reyndist vera ung birna. Hún var flutt til Reykjavíkur og krufin hjá Náttúrufræðistofnun.



Hreindýr á veiðislóð.

Leyft var að veiða 1.001 hreindýr. – Ekki voru gerð út skip til veiða á langreyði á árinu. – Talsvert fleiri rjúpur veiddust en Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun gáfu leyfi til. Umframveiðin hefur að líkindum verið um 30%. – Fálkastofninn var talinn frekar lítill eða um 1.500 fuglar. – Við talningu á hreiðrum dílaskarfs reyndust þau vera 5.250, öll við Breiðafjörð. Alvarlegt ástand er á ýmsum tegundum sjófugla og er talið að stuttnefju hafi fækkað um 24% á ári í Látrabjargi og álku um 20%. Mikið hefur fækkað í lundastofninum, einkum á Suðvesturlandi, þ.á m. í Vestmanneyjum. Verst er ástandið á kríunni en kríuungar komast ekki á legg fyrir fæðuskorti. Um 90% af kríuungum á stóru vörpunum á Snæfellsnesi hafa drepist. – Fátt var um holugeitunga um sumarið. Er það talið eiga rætur að rekja til hruns sem varð í stofninum haustið áður. – Eyruglur eru orðnar hér varanlegur varpflugl. –

PRÓF

Lokapróf við Háskóla Íslands

Alls voru brautskráningar við Háskóla Íslands 2705 árið 2011 (2650 árið áður) en nokkrir stúdentar luku tvenns konar prófum samtímis.

Af *Félagsvísindasviði* var lokið 832 prófum sem skiptust þannig:

Félags- og mannvísindadeild: 210

Félagsráðgjafardeild: 69

Hagfræðideild: 48

Lagadeild: 135

Stjórn málafræðideild: 146

Viðskiptafræðideild: 263

Af *Heilbrigðisvísindasviði* var lokið 433 prófum er skiptust þannig:

Hjúkrunarfræðideild: 103

Lyfjafræðideild: 30

Læknadeild: 162

Matvæla- og næringarfræðideild: 14

Sálfræðideild: 113

Tannlæknadeild: 11

Af *Hugvísindasviði* var lokið 380 prófum er skiptust þannig:

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda: 98

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: 29

Íslensku- og menningardeild: 163

Sagnfræði- og heimspekideild: 92

Af *Menntavísindasviði* var lokið 709 prófum er skiptust þannig:

Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild: 135

Kennaradeild: 484

Uppeldis- og menntunarfræðideild: 90

Af *Verkfræði- og náttúruvísindasviði* var lokið 360 prófum er skiptust þannig:

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild: 133

Jarðvísindadeild: 23

Líf- og umhverfisvísindadeild: 88

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild: 13

Raunvísindadeild: 44

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild: 59

Doktorspróf frá Háskóla Íslands

Frá Háskóla Íslands brautskráðust alls 47 doktorar á tímabilinu frá 1. desember 2010 til 1. desember 2011, 27 karlar og 20 konur.

Lokapróf við Háskólann á Akureyri

Háskólinn á Akureyri brautskráði alls 426 nemendur árið 2011 (376 árið 2010). Af þeim voru staðarnemar 171, fjarnemar 61 en lotunemar 194. Þeir skiptust svo á milli sviða:

Heilbrigðisvísindasvið: 72.

Hug- og félagsvísindasvið: 271.

Viðskipta- og raunvísindasvið: 83.

Lokapróf við Háskólann í Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík brautskráði 432 nemendur árið 2011 (858 á fyrra ári). Þeir skiptust þannig:

Lagadeild: BA: 36; meistaragráða: 40; alls: 76.

Tækni- og verkfræðideild: BS: 113; diplóma: 36; MS: 58; doktorspróf: 1; alls 208.

Tölvunarfræðideild: BS: 43; diplóma: 5; MS: 5; doktorspróf: 1; alls: 54.

Viðskiptadeild: BS: 65; diplóma: 3; MS: 26; alls: 94.

Lokapróf frá Háskólanum á Bifröst

Háskólinn á Bifröst brautskráði alls 168 nemendur (274 á fyrra ári). Þeir skiptust svo:

Grunnnám: 100

Meistaránám: 68

Lokapróf frá landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri

Landbúnaðarháskólinn brautskráði 48 nemendur á árinu 2011 (62 á árinu 2010).

Búvísindi: 16

Hestafræði: 12

Náttúru og umhverfisfræði: 1

Skógfræði og landgræðsla: 1

Umhverfisskipulag: 15

Úr meistaránámi útskrifuðust: 3

Úr starfsmenntadeildum útskrifuðust 38

Lokapróf frá Háskólanum á Hólum

Hólaskóli brautskáði 94 nemendur árið 2011 (68 á fyrra ári).

Ferðamáladeild:

Diplóma í ferðamálafræði: 11

Diplóma í viðburðastjórnun: 11

BA í ferðamálafræði: 5

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild:

Diplóma í fiskeldi: 10

MS í sjávar- og vatnalíffræði: 2

Hestafræðideild:

Diplóma–Leiðbeinendapróf: 22

Diplóma í tamningum: 21

Diplóma–Þjálfari og reiðkennari: 12

RAFORKUMÁL

Hagur Landsvirkjunar var allgóður á árinu 2011. Fjárhagsstaða fór batnandi, m.a. vegna breyttra samninga um raforkuverð og hækkandi álverðs. Framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun í Tungnaá gengu samkvæmt áætlun, þar unnu lengst af um 250 manns. Gert var ráð fyrir að orkuvinnsla hæfist þar í lok árs 2013. Þá var markvisst unnið að því að bæta orðspor fyrirtækisins og traust meðal almennings, meðal annars með bættri upplýsingagjöf og ríkari áherslu á samfélagslegt hlutverk. Þannig stóð Landsvirkjun m.a. að opnum kynningarfundum og umræðu um umhverfismál.

Lögð var áhersla á að auka arðsemi fyrirtækisins og draga úr áhættu; leitast var við að fjölga viðskiptavinum, draga úr álverðsviðmiði í raforkusamningum og bæta afköst þeirra virkjana sem fyrir voru. Þá var stefnt að aukinni notkun gufuaflds, en hún nam um 4% orkuvinnslunnar 2011, og síðast en ekki síst að tilraunum með vindorkurafstöðvar. Meðal nýrra nýtingarmöguleika var m.a. rætt um byggingu gagnavera á Íslandi og raforkusölu um sæstreng til Evrópu.

Í október breytti Standard og Poor's horfum á lánshæfismati fyrirtækisins úr neikvæðum í stöðugar, á sama hátt og fyrir-

tækið lýsti breyttum horfum á lánshæfismati ríkissjóðs. Í lok ársins hafði Landsvirkjun tryggt sér fjármögnunarlán fyrir allt að 35 milljörðum króna.

Rekstrartekjur Landsvirkjunar með dótturfélögum námu 436,2 milljónum Bandaríkjadala árið 2011. Hagnaður af rekstri Landsvirkjunar, að frádregnum tekjuskatti, var 26.450 milljónir Bandaríkjadala árið 2011 en var 72.916 milljónir á fyrra ári. Lækkun á hagnaði varð vegna greiðslu skulda.

Skipting á raforkusölu var með þeim hætti að 17% komu í hlut almenningsveitna; 20% árið áður. Afgangurinn, nú 83%, kom í hlut stóriðju en stærsti einstaki kaupandinn var Alcoa með 37%. Hins vegar hafði sá hluti sem bundinn var álverðsviðmiði lækkað úr 64% 2010 niður í 45% 2011.

Í heild nam raforkuvinnsla Landsvirkjunar inn á dreifikerfi Landsnets 12.486 GWst árið 2011 sem var 1,1% minna en árið áður. Vatnsforði Landsvirkjunar í miðlunarlónum var sá besti frá upphafi í árslok 2011 eða 4008 Gl.

Fréttir af Orkuveitu Reykjavíkur voru ekki jafn hughreystandi en hún glímdi við erfiða skuldastöðu og rekstrarfjárvanda, var jafnvel sögð „tæknilega gjaldþrota“. Þar á bæ var unnið hörðum höndum við að bæta stöðuna, m.a. með sölu eigna, niðurskurði og fækkun starfsfólks. 27. júní var þó gleðidagur því að þá fögnuðu menn 90 ára afmæli Elliðaárstöðvar. En í september var Perlan í Reykjavík auglýst til sölu.

SAMGÖNGUR OG FERÐAMÁL

Ferðamenn

Alls fóru 881.915 farþegar utan um Leifsstöð árið 2011 en voru 753.022 árið á undan. Það er rúmlega 17% aukning. 341.091 Íslendingur fór um Leifsstöð árið 2011; 293.770 árið áður en það er aukning um rúm 16%.

Flestir erlendir ferðamenn, sem um Leifsstöð fóru, komu frá eftirtöldum löndum; tölur í svigum eru frá fyrra ári:

Bandaríkin	77.561	(51.166)
Bretland	67.608	(60.326)

Pýskaland	56.815	(54.377)
Noregur	41.802	(35.662)
Danmörk	40.705	(38.139)
Frakkland	35.957	(29.255)
Svíþjóð	32.835	(27.944)
Holland	19.997	(17.281)
Kanada	17.929	(13.447)
Pólland	14.239	(13.253)
Spánn	13.971	(12.237)
Ítalía	12.346	(9.692)
Finnland	12.031	(11.012)

Farþegum með Norrænu fækkaði nokkuð á milli ára. Árið 2011 komu 14.029 (17.408 árið áður) til Íslands en frá Íslandi fóru jafnmargir, 14.029 (17.675 á fyrra ári). Farþegar sem komu til Reykjavíkur með skemmtiferðaskipum voru tæp 63.000 en voru um 74.000 árið á undan. Icelandair flutti um 2,0 milljónir farþega á árinu en þeir voru 1,5 milljónir árið áður; sem sé um 25% aukning.

SLYS

Árið 2011 urðu 19 banaslys í landinu; þrettán karlmenn, tvær konur og fjögur börn.

Umferðarslys: 12

Drukknun: 1

Vinnuslys: 2

Sjóslys: 1

Heima-, frítíma- og önnur slys: 3

Þetta var umtalsverð fækkun frá fyrra ári því að þá urðu 25 banaslys, skv. samantekt Landsbjargar. Raunar fórst enginn íslenskur sjómaður þetta ár, eina banaslysið í íslenskri lögsögu varð á grænlenksku nótaveiðiskipi.

Sjóslýs

17. febrúar strandaði ms. Goðafoss á skeri skammt frá Frederikstad í Noregi. 14 manna áhöfn var ekki í hættu. Goðafoss er annað af tveimur gámaskipum Eimskips og var með 431 gám. Fljótlega var talið að skipinu mætti bjarga og voru allir gámar fyrst teknir úr því. Þá tókst að mestu að dæla olíu úr skipinu. Það náðist á flot 23. febrúar og reyndust botnskemmdir minni en búist hafði verið við. Eimskipafélagið hefur raunar ekki verið heppið með nafnið Goðafoss því að sá fyrsti fórst við Vestfirði 1916 og annar Goðafoss var skotinn í kaf af þýskum kafbáti 1944.

26. mars voru tveir menn hætt komnir þegar vélbáturinn Anita Líf sökk á Sundunum við Reykjavík. Voru þeir á leið upp á Akranes til grásleppuveiða. Skyndilega kom leki að bátnum og varð ekki við hann ráðið en áhöfnin, tveir menn, lentu í sjónum. Þeim hafði tekist að kalla á hjálp og varð björgunarbátur Seltirninga fyrstur á staðinn og bjargaði mönnum. Báturinn náðist síðar upp og var tekinn til rannsóknar.

5. október missti flutningaskipið Alma, sem er rúmar 3800 brúttólestir, stýrisblaðið af skömmu eftir að það sigldi út frá Höfn í Hornafirði. Tókst með aðstoð lóðs að koma skipinu frá landi og var það síðan dregið til hafnar.

Tveimur dögum síðar, 7. október strandaði 2400 brúttólesta flutningaskip, Axel, á útleið um Sandgerðisinnsiglingu. Hafði skipið borist suður úr innsiglingarmerkjum og steytt á skeri. Tókst að ná því á flot og var því siglt til hafnar til að kanna skemmdir sem þó reyndust óverulegar.

STJÓRNMÁL

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, sem skipuð var ráðherrum úr Samfylkingunni og Vinstri grænum, var við völd í ársbyrjun 2011 og óbreytt fram til ársloka. Eftirtaldir ráðherrar sátu í þessari ríkisstjórn: Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra, Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra

frá Samfylkingunni. – Frá Vinstri grænum sátu í stjórninni Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Svandís Svavarsdóttir umhverfissráðherra.

Icesave-málið

Icesave-málið olli enn verulegum ágreiningi í íslenskum stjórnámálum árið 2011. Árið áður hafði verið skipuð ný samninganefnd Íslendinga undir forystu bandaríks samningamanns, Lee C. Buchheit. Undir lok ársins 2010 var svo að lokum tilkynnt að tekist hefði samkomulag um lausn Icesave-deilunnar og var skrifað undir það með fyrirvara um samþykki Alþingis. Samið var um 3,3% vexti af láni frá Bretlandi og 3,0% vexti af láni frá Hollandi. Kostnaður íslenska ríkisins var metinn á 47 milljarða króna miðað við þágildandi gengi en hann gat aukist eða minnkað eftir verðgildi krónunnar. Endurgreiðslur skyldu hefjast 2011 og ljúka 2046. Íslenska ríkisstjórnin taldi þennan samning vera mun hagstæðari en fyrri samningsdrög og mælti með honum við Alþingi.

Leið svo fram til ársins 2011 og eftir að þing kom saman hófust fljótlega umræður um samninginn um Icesave málið sem menn fóru nú að kalla Icesave III. Ræddu þingmenn það í 28 klukkustundir. Áður hafði það verið rætt í um 180 klukkustundir og er það talið vera mest umrædda mál á Alþingi, a.m.k. síðan 1991 þegar vinnsla umræðna var tölvuvædd. Málið var loks útrætt 16. febrúar. Þetta var að sjálfsögðu stjórnarfrumvarp en auk stjórnarflokkanna lýstu sjálfstæðismenn stuðningi við það og töldu það vera mun betra en fyrri frumvörp. Þá væru ekki líkur á málsókn ef frumvarpið yrði samþykkt sem lög frá Alþingi. Við lokaatkvæðagreiðsluna voru þó aðeins samfylkingarmennirnir 20 og allir þrír þingmenn Hreyfingarinnar fylgjandi frumvarpinu, en klofningur var í öðrum flokkum. Hjá Vinstri grænum, sem höfðu 15 þingmenn, voru allir með frumvarpinu nema tveir, Lilja Mósesdóttir og Ásmundur Einar Daðason. 11 sjálfstæðismenn studdu frumvarpið en fjórir voru á móti: Birgir Ármannsson, Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári

Kristjánsson og Unnur Brá Konráðsdóttir; Guðlaugur Þór Þórðarson sat hjá. Allir framsóknarmennirnir 9 sem greiddu atkvæði voru á móti nema tveir, Guðmundur Steingrímsson og Siv Friðleifsdóttir. Icesave III var þannig samþykktur með 44 atkvæðum gegn 16 en 3 sátu hjá.

Áður en til lokaafgreiðslu Icesave-frumvarpsins kom höfðu tvær breytingartillögur verið lagðar fram. Þær fjölluðu um það að málið yrði afgreitt með þjóðaratkvæðagreiðslu. Pétur H. Blöndal lagði fram aðra tillöguna en Þór Saari hina og voru þær mjög líkar. Báðar tillögurnar voru felldar með 33 atkvæðum gegn 30. Málið var síðan sent forseta Íslands til staðfestingar og virtist hafa mikinn meðbyr, en andstæðingar efndu enn til mótmæla, söfnuðu um 40.000 undirskriftum og fengu mikinn stuðning. 20. febrúar kom niðurstaða hjá forseta og var hún á þann veg að hann ætlaði ekki að undirrita lög. Sagðist hann þeirrar skoðunar að þjóðin ætti enn að koma að málinu. Var því ljóst að efna yrði enn til þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave. Forsetinn sagði ákvörðun sína ekki byggjast á efnislegu innihaldi samningsins því að náðst hefðu betri samningar sem næmu „risavöxnum upphæðum“. Hins vegar sagði Ólafur Ragnar að með beitingu málskotsréttarins í fyrra skiptið hefði þjóðin komið að borðinu sem löggjafi og eins ætti að fara að í þetta sinn. Forystufólk ríkisstjórnarinnar kvaðst mjög undrandi á ákvörðun forsetans ekki síst af því að tillagan hafði hlotið yfirburða stuðning á Alþingi. Jóhanna Sigurðardóttir var sögð hafa átt alvarlegt samtál við Ólaf Ragnar og eindregið hvatt hann til þess að skrifa undir og bent á alvarlegar afleiðingar þess að forsetinn synjaði. Þá væri deilan í hnút og endaði með málaferlum. Strax komu yfirlýsingar frá hollenska fjármálaráðuneytinu þess efnis að það liti svo á að samningaviðræðum um Icesave væri lokið og nú væri það Íslendinga að vinna úr stöðunni. Bresk stjórnvöld sögðu að þau vildu bíða upplýsinga frá Íslendingum.

Eftir neitun forseta var ekki um annað að ræða en hefja undirbúning að þjóðaratkvæðagreiðslu svo sem stjórnarskráin kvað á um eftir að forseti hafði neitað að skrifa undir lög frá Alþingi. Áfram var mikið talað um þetta mál og sýndist sitt

hverjum. Leit út fyrir í skoðanakönnunum að þeir væru fleiri sem vildu segja já við vilja Alþingis. Annað kom hins vegar í ljós þegar þjóðaratkvæðagreiðslan fór fram 11. apríl. Þá sögðu 59,8% eða 103.207 nei en 40,2% eða 69.462 já. Auðir sedlar voru 2.039. Eftir þessi úrslit var ljóst að frekari samræður yrðu ekki milli Bretlands og Hollands annars vegar og Íslands hins vegar. Málið yrði nú að fara dómstólaleiðina, þ.e. til EES og síðar væntanlega til EFTA-dómstólsins. EFTA-dómstóllin fellir aðeins dóm um það hvort aðildarríki hafi uppfyllt skyldur sínar innan EES-samningsins.

Íslensk stjórnvöld höfðu þegar á fyrra ári fengið áminningarbréf frá ESA þar sem því var haldið fram að Íslendingar hefðu brotið gegn innistæðutryggingaskyldu Evrópusambandsins eða nokkrum skuldbindingum í Icesave-málinu. Þessu bréfi hafði ekki verið svarað af hálfu Íslendinga og ESA fylgdi því ekki eftir vegna þess að ESA taldi að samningaumræður væru í gangi. Eftir að þjóðaratkvæðagreiðslan fór fram taldi ríkisstjórn Íslands að svara bæri bréfinu frá ESA. Var það gert í byrjun maí.

Ríkisstjórn Íslands sendi greinargerð til ESA þar sem sett voru fram lagarök Íslendinga í málinu en að auki voru aðstæður og atburðarás við hrun bankakerfis Íslendinga taldar einstakar og taka yrði tillit til þess. Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra benti á að „kerfið hér hafi ekki með nokkrum hætti verið frábrugðið í grundvallaratriðum því kerfi sem almennt hafi tíðkast í öðrum löndum“. Því hafi Bretar og Hollendingar ráðist gegn Íslendingum af óþarfa hörku, fryst allar innistæður í Landsbankanum og Bretar beitt hryðjuverkalögum til þess að ná sínu fram. Loks benti ráðherrann á að nú liti þannig út að greiða mætti allar Icesave-skuldirnar með endurheimtum úr búi Landsbankans. Íslenska ríkisstjórnin benti í lokin á að í ljósi staðreynda um Icesave-málið ætti ESA að láta málið niður falla. Það var ekki gert og málinu skotið til EFTA-dómstólsins. Hann hafði ekki tekið málið fyrir í lok ársins 2011.

Stjórnarskrármálið

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hafði einsett sér að setja þjóðinni nýja stjórnarskrá. Til þess að vinna það verk var kosið 25 manna stjórnlagabing á árinu 2010. Var ekki byrjað á verkinu þegar kosningin var kærð til Hæstaréttar vegna formgalla. 25. janúar felldi Hæstiréttur svo þann úrskurð að kosningin væri ógild. Þessu undu flestir ráðherranna með Jóhönnu Sigurðardóttur í fararbroddi illa og vildu láta Alþingi skera úr um það hvað gera skyldi. Kom þá upp sú hugmynd að stofna stjórnlagaráð sem skipað yrði þeim 25 fulltrúum sem flest atkvæði fengu í kosningu til stjórnlagabings. Ýmsir þingmenn og lögfræðingar töldu hins vegar að kjósa yrði upp á nýtt. Niðurstaðan varð þó sú að meirihluti Alþingis, 30 þingmenn gegn 21, ákvað með þingsályktun 24. mars að fara þá leið að gera stjórnlagabingíð að stjórnlagaráði. Sjálfstæðismenn og þingmenn Hreyfingarinnar voru allir á móti en aðrir flokkar voru klofnir í málinu. Allir nema einn stjórnlagabingsmanna samþykktu að sitja í stjórnlagaráði og fóru að vinna við samningu nýrrar stjórnarskrár. Byrja átti á verkinu í apríl og því vera lokið eftir stuttan tíma og fór svo að sett var fram einróma tillaga að fullbúinni stjórnarskrá. Þessu verki lauk 27. júlí. Frumvarp að stjórnarskrá verður þó að leggja fyrir Alþingi og samþykkja tvisvar með kosningum á milli. Það var ekki gert á árinu og frestaðist málið.

Landsdómsmálið

Landsdómur kom saman í fyrsta sinn 10. febrúar. Hann skipuðu 15 dómendur og voru í þeim hópi fimm hæstaréttardómarar, tveir aðrir löglærðir menn og átta menn sem Alþingi kaus til þessa starfs, suma löglærða en aðra ekki. Hæstaréttardómararnir skyldu vera þeir sem lengst höfðu setið í réttinum en nokkrir þeirra viku sæti vegna ýmiss konar vanhæfi. Þessi fyrsti fundur Landsdóms var boðaður vegna áfrýjunar Geirs H. Haarde á úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur um heimild til þess að krefjast frávísunar málsins. Landsdómur vísaði tveimur ákæruliðum frá dómi en málarekstur vegna



Ómar Ragnarsson ávarpar stjórnlagaráð við setningu þess, 6. apríl 2011.

annarra ákæruliða hélt áfram. Málið gegn Geir var þingfest 7. júní. Hann neitaði öllum sakargiftum.

Umsókn um aðild að Evrópusambandinu

Formlegar viðræður um aðild Íslands að Evrópusambandinu hófust í Brussel 27. júní 2011. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, Árni Þór Sigurðsson formaður utanríkismálanefndar Alþingis og Stefán Haukur Jóhannesson formaður íslensku samninganefndarinnar sátu fundinn fyrir Íslands hönd. Össur ræddi sérstaklega við yfirmann sjávarútvegsmála hjá Evrópusambandinu og taldi eftir þann fund að ekki væri þörf á neinum sérsamningum vegna sjávarútvegsmála. Hann sagðist treysta á svokallaðan „hlutfallslegan stöðugleika“. Þrátt fyrir þetta vildi Össur að hafnar yrðu viðræður um öll atriði væntanlegs samkomulags, líka þau sem töldust erfiðust þ.e. sjávarútvegsmál og landbúnaðarmál. Nokkuð var erfitt að eiga við þessi mál af hálfu Íslendinga vegna þess að ráðherra þeirra, Jón Bjarnason frá VG, var andvígur Evrópusambandinu og var einn af þeim sem vildi jafnvel draga umsóknina um aðild til baka. Á fundinum 27. júní voru af hálfu Evrópusambandsins Janog Martonji, utanríkisráðherra Ungverjalands, og Stefan Fule stækkunarstjóri Evrópusambandsins. Á þessum fundi voru teknir til umræðu 4 kaflar af 35 og voru tveir þeirra taldir útræddir. Þegar kom fram í ágúst var bersýnilegur ágreiningur milli Össurar utanríkisráðherra og Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra og landbúnaðarráðherra um gang mála í umræðum um aðild Íslands að ESB. Sagðist Össur um hríð hafa krafist þess af Jóni að hann svaraði spurningum um svonefnda greiðslustofnun landbúnaðar- og landupplýsingakerfis, sem grundvöll styrkjakerfis ESB í landbúnaði. Jón vildi hins vegar bíða eftir væntanlegri rýnskýrslu ESB um landbúnaðarmál.

Alþingi

Ríkisstjórnin var óbreytt út árið þó að þingstyrkur hennar hafi minnkað. Í mars sögðu Lilja Mósesdóttir og Atli Gíslason sig úr þingflokki Vinstri grænna en sátu þó áfram á þingi óháð flokkum. Vantraust á ríkisstjórnina var hins vegar fellt 13.

apríl með 32 atkvæðum gegn 30. Ásmundur Daði Einarsson greiddi atkvæði með vantraustinu og sagðist vera á leið út úr flokki Vinstri grænna. Hann gekk síðan í Framsóknarflokkinn. Hins vegar sat Guðmundur Steingrímsson hjá við atkvæðagreiðsluna. Hann sagði sig úr Framsóknarflokknum í ágúst og boðaði stofnun nýrra stjórnmalasamtaka. Kvaðst hann telja sig eiga meiri samleið með frjálslyndum miðjumönnum úr öllum flokkum en Framsóknarflokknum. Fleiri þekktir framsóknarmenn sögðu sig úr flokknum um þessar mundir en á hinn bóginn gat Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður flokksins, þess að fleiri mundu hafa gengið í hann.

Störf Alþingis þóttu einkennast mjög af þrætum og málþófi og varð framgangur ýmissa mála mjög tregur. Þinghald stóð til 15. júní en var þá frestað fram í september. Var septemberþingi ætlað að liðka fyrir afgreiðslu mála sem ekki fengust afgreidd á vorþinginu en septemberþingið einkenndist þó ekki síður af málþófi; í umræðum um breytingar á stjórnarráði ræddu t.d. Ásmundur Einar Daðason og Árni Johnsen ítarlega um nauðsyn þess að hefja aftur ræktun sauðnauta á Íslandi.

Nokkrar breytingar á störfum Alþingis tóku gildi á haustþinginu. Umræður utan dagskrár skyldu hverfa. Í staðinn kæmu svonefndar „sérstakar umræður“. Nefndarstörf ættu að verða gagnsærri. Tala mætti um þrennskonar skipan funda: almenna fundi, gestafundi og opna fundi. Þá yrði fastanefndum fækkað og sett á stofn stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

140. löggjafarþing Alþingis var sett 1. október og sat til ársloka. Var Ásta R. Jóhannesdóttir endurkosin forseti. Formenn þingflokka voru Oddný G. Harðardóttir fyrir Samfylkinguna, Ragnheiður Elín Árnadóttir fyrir Sjálfstæðisflokk, Árni Þór Sigurðsson fyrir Vinstri græna, Gunnar Bragi Sveinsson fyrir Framsóknarflokk og Margrét Tryggvadóttir fyrir Hreyfinguna.

Þingsetningin 1. október varð raunar nokkuð söguleg. Hópur mótmælenda hafði uppi háreysti á Austurvelli og var ýmsu lauslegu kastað að þingmönnum er þeir gengu milli Dómkirkju og þinghúss. Þá varð sá fáheyrði atburður að einn þingmaður, Árni Þór Sigurðsson, fékk egg í gagnaugað og féll í götuna. Forsetafrúin, Dorrit Moussaieff, fór hins vegar ekki til kirkju



Fréttamynd ársins 2011: Þingmenn stumra yfir Árna Þór Sigurðssyni.

með forseta og þingliði heldur brá sér út fyrir girðingu lögreglu og dvaldi um stund meðal mótmælenda meðan á athöfn stóð.

Umræður um stefnuræðu forsætisráðherra fóru fram að kvöldi 3. október og var útvarpað en hópur fólks var á Austurvelli og barði tunnur á meðan. Var forseti m.a. gagnrýndur fyrir að hafa haldið pólitíska þingsetningarræðu.

Tillaga kom fram um að hætta við málatilbúnaðinn gegn Geir Haarde. Hún var lögð fram á lokadegi þings en afgreiðsla var frestað fram yfir hátíðir. Ýmsir stjórnarliðar héldu því raunar fram að þessari tillögu hefði fyrst og fremst verið ætlað að valda usla á lokasprettinum og sérstaklega að kljúfa þinglið stjórnarinnar.

Jón Bjarnason sætti vaxandi gagnrýni innan ríkisstjórnarinnar fyrir vinnubrögð við setningu laga um fiskveiðistjórnun. Var málið að lokum tekið úr forsjá hans og nefnd ráðherra skipuð til að fara yfir það. Stuðningsmenn hans birtu hins vegar stuðningsyfirlýsingar í blöðum í tilefni þess að í bígerð var að

sameina ráðuneyti og fækka ráðherrum. Á ríkisstjórnarfundi 30. desember var svo ákveðið að breyta ríkisstjórn og myndu Árni Páll Árnason og Jón Bjarnason ganga út.

Skoðanakannanir

Fram um mitt ár var fylgi stjórn mála flokkanna svipað og verið hafði árið áður en í árslok 2010 hafði Sjálfstæðisflokkurinn verið með um 40% fylgi, vinstri flokkarnir um 20% hvor, Framsóknarflokkurinn um 13% og Hreyfingin með mjög lítið fylgi. Um mitt ár 2011 var staðan nokkuð breytt. Sjálfstæðisflokkurinn var með 35% fylgi, Samfylkingin 23% en Vinstri hreyfingin grænt framboð og Framsóknarflokkurinn með mjög svipað fylgi eða 16% hvor flokkur. Hreyfingin mældist nú með 4%.

ÚTVEGUR

Aflinn

Árið 2011 varð heildaraflí íslenskra skipa um 1.149 þúsund tonn en var rúm 1.063 árið á undan. Það er aukning um 8% og munar þar mestu um aukinn uppsjávarafla, einkum loðnu og makríl; alls var uppsjávaraflí um 18% meiri en árið á undan. Uppsjávaraflí nemur um 61% af heildarafla en botnfiskur um 35%. Hér má sjá afla og verðmæti nokkurra helstu nytjategunda; tölur í svigum eru frá fyrra ári:

	<i>Aflí í tonnum</i>	<i>Aflaverðmæti í millj. kr.</i>
Porskur	182.035 (178.516)	46.387 (44.582)
Ýsa	51.299 (64.948)	11.992 (15.236)
Ufsi	50.487 (53.894)	9.139 (8.480)
Karfi	56.776 (56.305)	14.973 (12.016)
Síld (nor.-ísl.)	126.686 (187.894)	8.833 (7.981)
Loðna	317.628 (102.196)	8.885 (2.637)
Makríl	158.635 (122.031)	17.846 (7.824)

Heildarverðmæti sjávarafla ársins 2011 var tæplega 154 milljarðar; tæplega 21 milljarði herra en aflaverðmæti ársins

2010 en á föstu verðlagi og miðað við verðvísitölu sjávarafurða var það 3,2% hærra en aflaverðmæti fyrra árs. Verðmæti botnfiskafla og uppsjávarafla stendur í öfugu hlutfalli við magntölur þeirra; botnfiskafla skilar um 62% heildarverðmætis en uppsjávarafla rúmum 28%. Þorskur er verðmætasta tegundin, stendur undir rúmum 30% af aflaverðmæti ársins 2011. Þorskafli togara nam 75 þúsund tonnum, 41,3% þorskafllans, en þorskafli smábáta var 42,5 þúsund tonn, þ.e. 23,3% heildarþorskaflla.

Kvótinn

Ráðherra ákvað, í samræmi við tillögur Hafrannsóknarstofnunar, að þorskkvóti fiskveiðiárs 2011/2012 skyldi vera 177.000 tonn (var 169.000 á síðasta ári) en ýskuvóti aðeins 45.000 tonn (var 63.000 á fyrra fiskveiðiári). Ufsakvóti var 52.000 tonn (var 50.000 á fyrra ári).

Við upphaf nýs fiskveiðiárs, 1. september 2011, voru eftirtalin fyrirtæki með meira en 5.000 tonna þorskígildiskvóta:

HB Grandi	29.252.622	þorskígildiskg	10,4%	af heild
Samherji	17.500.764	-	-	6,22% - -
Þorbjörn	15.691.389	-	-	5,58% - -
FISK - Seafood	13.342.659	-	-	4,74% - -
Vísir	12.092.065	-	-	4,30% - -
Rammi	11.704.768	-	-	4,16% - -
Brim	10.898.852	-	-	3,88% - -
Hraðfr.-Gunnvör	8.776.881	-	-	3,12% - -
Vinnslustöðin	8.669.869	-	-	3,08% - -
Útgf. Akureyr.	8.204.182	-	-	2,92% - -
Nesfiskur	7.264.846	-	-	2,58% - -
Skinney-Þingan.	6.405.591	-	-	2,28% - -
Ögurvík	5.405.949	-	-	1,92% - -

Þessi 10 skip fengu stærstu kvótana:

Kaldbakur EA	8.204.182	þorskígildiskg
Guðmundur í Nesi RE	6.319.406	-
Júlíus Geimundsson ÍS	5.308.262	-
Björgúlfur EA	5.215.366	-
Björgvin EA	4.764.528	-

Kleifaberg ÓF	4.579.446	-
Ottó N Þorláksson RE	4.401.118	-
Arnar HU	4.343.470	-
Þerney RE	4.302.964	-
Höfrungur III AK	4.293.360	-

Ýmislegt

Svonefndar strandveiðar voru leyfðar þriðja árið í röð og hófust þær 1. apríl. 619 bátar höfðu þá fengið leyfi til þessara veiða. Stunda mátti veiðar í fjóra daga í hverri viku og veiðin mátti vera í allt 6.000 tonn af óslægðum fiski. Alls voru 850 bátar að veiðum 1. júlí.

Í byrjun maí festi útgerðarfyrirtækið Samherji kaup á Brimi á Akureyri. Það var nýtt dótturfélag Samherja, Útgerðarfélag Akureyrar (Ú.A.), sem var skráð fyrir kaupunum en verðið var 14,5 milljarðar króna. Fjármagnað var með sölu eigna Samherja og láni frá Landsbankanum. Inni í kaupunum er fiskvinnsla á Akureyri og Laugum ásamt vélum og tækjum, ísfisktogararnir Sólbakur EA 1 og Mars RE 205, sem áður hét Árbakur. Kaupin náðu líka til veiðiheimilda í þorski, ýsu, steinbít og skarkola.

Ríkisstjórnin hafði í stjórnarsáttmálanum gert ráð fyrir verulegum breytingum á stjórn fiskveiða. Í lok apríl hafði stór nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar gengið frá frumvarpi um breytingar á lögum um fiskveiðar við Ísland. Stefnt var að svonefndri niðurfærsluleið þ.e. að útgerðarmönnum yrði gert skylt að láta árlega af hendi hluta af kvóta sínum sem ríkið tæki þá við og úthlutaði aftur gegn gjaldi. Gera átti svokallaða „nýtingarsamninga“ við útgerðarmenn um nýtingu fiskimiða til ákveðins tíma. Talað var um 15-20 ár. Innkallaðir kvótar áttu að renna í svokallaða „potta“, sem væru síðan notaðir til samfélagslegra mála svo sem byggðapróunar. Auk þess að missa kvóta áttu útgerðarmenn að greiða hærra veiðigjald til ríkisins. Útgerðarmenn (LÍÚ) brugðust hart við þessum tillögum og kölluðu þær sýndarmennsku. Þeir vildu fá a.m.k. 35 ára nýtingartíma og engar hækkanir á veiðigjaldi. Þetta frumvarp mundi leggja íslenskan sjávarútveg í rúst. Rekið var mikið áróðursstríð gegn hugmyndum ríkisstjórnarinnar og tóku sjómenn og ýmsar



Blátindur, smíðaður í Vestmannaeyjum 1947.

bæjarstjórnir undir það. Ríkisstjórnin dró þetta frumvarp til baka og skipaði nýja nefnd til þess að ljúka málinu. Hún setti saman tillögur í tvennu lagi, hið meira og hið minna frumvarp. Minna frumvarpið var aðeins til næsta fiskveiðiárs, en hið meira miðað við alla framtíð.

Jón Bjarnason mælti fyrir minna frumvarpinu á Alþingi 30. maí. Um það og fiskveiðar almennt urðu miklar umræður á þinginu og sakaði stjórnarmeirihlutinn andstæðinga sína um málþóf. Aðeins um hálfur mánuður var eftir af þinginu og var því þrýstingur mikill að fá einhverja lausn í málinu og varð ríkisstjórnin að slaka á í mörgum atriðum. Veiðigjaldið var lækkað um 30% miðað við minna frumvarpið, þá var gert ráð fyrir helmingi minni kvóta sem ráðherra mátti verja til byggða- og strandveiðikvóta. Minnkað var magn það sem sjávarútvegsráðherra gat sett í svonefnda „potta“. Svo breytt var fiskveiðifrumvarpið hið minna samþykkt 11. júní. Útgerðarmenn sögðu að hækkun á aflagjaldi hækkaði gjöld útgerðarinnar um einn milljarð.

Í maí seldi Icelandic Group starfsemi sína í Frakklandi og Þýskalandi. Kaupendur voru fjárfestingarhópar undir forystu sjávarútvegsfyrirtækisins Pacific Anders frá Hong Kong.

VERSLUN

Á árinu 2011 voru fluttar út vörur fyrir 620,1 milljarð kr. fob (561 árið áður) en inn fyrir 423 milljarða fob (477,2 árið áður) eða 561,6 milljarða cif. Vöruskiptajöfnuður (fob-cif) var því hagstæður um sem nemur um 58,5 milljörðum kr.

Iðnaðarvörur eru nú fjórða árið í röð í efsta sæti yfir verðmæti útflutningsvarnings. Hins vegar er þess að gæta að þau stóriðjufyrirtæki sem þar eiga stærstan hlut að máli eru öll í eigu erlendra aðila. Sjávarafurðir sitja nú í öðru sæti en verðmæti þeirra jókst þó um rúm 14% frá fyrra ári.

Langmestur hluti útflutnings fer til EES svæðisins eða sem svarar 82,7% að verðmæti. Til samanburðar má geta þess að verðmæti útflutnings til Bandaríkjanna nemur aðeins 3,7%. Innflutningur frá EES löndum nemur hins vegar 61,9%.

Hlutur vöruflokka í verðmæti vöruútflutnings; verð í milljónum kr. fob og hluti af heild:

Iðnaðarvörur	335.479	54,1%
Sjávarafurðir	251.573	40,6%
Landbúnaðarvörur	9.911	1,6%
Aðrar vörur	23.165	3,7%

Verðmæti sjávarafurða var 39,3 % af öllum útflutningi árið 2010 en iðnaðarvörur skiluðu þá 55,4%. Aðrar vörur eru m.a. notuð farartæki, endurvinnsluvörur, jarðefni o.fl.

Helstu innflutningsvörur; verð í milljónum kr. cif og hluti af heild:

Matvörur og drykkjarvörur	52.946	9,4%
Hrávörur og rekstrarvörur	180.048	32,1%
Eldsneyti og smurólíur	79.840	14,2%
Fjárfestingavörur	122.031	21,8%
Flutningatæki	47.104	8,4%
Annað	79.657	14,2%

Innflutningur

Hér má sjá þau tólf lönd þaðan sem mest er flutt til landsins og upphæðirnar sem um ræðir. Tölurnar eru milljónir kr. en tölur í svigum eiga við árið 2010.

Noregur	89.567	(43.217)
Bandaríkin	61.038	(37.793)
Þýskaland	44.343	(35.837)
Holland	41.299	(40.619)
Kína	35.122	(28.731)
Danmörk	34.885	(33.650)
Brasilía	32.488	(41.447)
Bretland	29.027	(24.394)
Svíþjóð	21.927	(24.919)
Ítalía	17.760	(14.177)
Sviss	11.203	(6.602)
Pólland	10.973	(5.877)

Innflutningur á olú veldur mestu um að Noregur lendir í fyrsta sæti á þessum lista en innflutningur á súráli setur Bandaríkin í annað sæti.

Útflutningur

Hér eru þau tíu lönd sem mest er flutt út til; útflutnings-
verðmæti í milljónum en tölur í svigum vísa til fyrra árs.

Holland	200.888	(190.632)
Þýskaland	92.792	(78.321)
Bretland	55.879	(56.712)
Noregur	27.379	(23.787)
Frakkland	24.166	(17.595)
Spánn	23.899	(26.588)
Bandaríkin	22.959	(25.429)
Rússland	19.399	(11.593)
Ítalía	15.732	(8.854)
Japan	15.443	(14.283)
Danmörk	14.208	(14.869)
Nígíría	12.260	(10.379)

Í útflutningi til Hollands og Þýskalands veга ál og álafurðir

langmest. Útflutningur til Bretlands er hins vegar nær 80% sjávarafurðir.

VINNUMARKAÐUR

Árið 2011 var minna atvinnuleysi en árið á undan. Í apríl lagði ríkisstjórnin fram svokallaðan aðgerðapakka en hann átti að liðka fyrir samningum á vinnumarkaðinum, en fulltrúar ASÍ og SA voru að glíma við gerð heildarsamnings fyrir launþega. Ríkisstjórnin sagðist mundu stuðla að auknum framkvæmdum í landinu, lækka skatta á lægstu laun og sitthvað fleira. Vinnuveitendasambandið var í fyrstu með ákveðnar kröfur varðandi stjórn fiskveiða og taldi sig ekki getað samið fyrir en það mál hefði verið leyst. Stöðugir fundir voru milli ASÍ og VS í apríl og maí og virtist lítið ganga með að ná samningum, en ætlunin var að þeir yrðu til þriggja ára. Það var loks 5. maí sem skrifað var undir samninga. Aðalatriði þeirra fólst í því að samið var til þriggja ára og laun skyldu hækka um 30–70 þúsund krónur á tveimur árum. Mánaðarlaun launþega með 400 þúsund krónur á mánuði skyldu hækka í 446 þúsund krónur og áttu hækkanirnar að koma á fyrstu tveimur árum eftir undirskrift samninga. Laun undir 260.000 krónum skyldu hækka hlutfallslega meira en hærri laun. Hækkanirnar kæmu til framkvæmda í maí 2011, júní 2011, febrúar 2012 og febrúar 2013.

Fjöldi félaga gerði sérsamninga við vinnuveitendur og meðal þeirra voru flugvirkjar og flugmenn. Þeir settu á yfirvinnubann til þess að fylgja eftir kröfum sínum. Félag íslenskra atvinnuflugmanna og Ícelandair sömdu 30. júní, en ekki var öllum deilum milli þessara aðila lokið því flugmenn felldu júní-samkomulagið og deilan hélt áfram. Samningaviðræður voru teknar upp að nýju 15. júlí og þeim lauk 27. júlí með nýjum samningi. Flugmenn sögðu hann snúast um starfsöryggi þeirra.

Stefán Einar Stefánsson var í febrúar kosinn formaður VR. Hann fékk þó aðeins 20,6% greiddra atkvæða, enda sóttust sjö eftir stöðunni. – Elsa H. Friðfinnsdóttir var í apríl endurkjörin formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga með 1.098 atkvæðum eða 60,53%. Sólfríður Guðmundsdóttir fékk

702 atkvæði eða 38,7%. Félagsmenn eru 3.584. Atkvæði greiddu 1.814 eða aðeins 61%. Elsa hefur verið formaður síðan 2003. – Eiríkur Jónsson hætti sem formaður Kennarasambands Íslands í apríl. Þórður A. Hjaltsted tók við formennskunni, en Björg Bjarnadóttir er varaformaður.

VÍSITÖLUR OG VERÐLAG

Verðbólga ársins 2011 (frá miðjum janúar 2011 til jafnlengdar 2012) nam 6,5%, en hún var 1,8% árið áður, 6,6% árið 2009 og 18,6% árið 2008. Verðbólga milli ársmeðaltala 2010 og 2011 nam 4,1%, 5,4% milli 2009 og 2010 og 12,1% milli 2008 og 2009.

Tólf mánaða hækkun verðlags er helsti mælikvarði verðbólgu í daglegri umæðu. Hún er m.a. viðmið í verðbólguþróingu Seðlabankans. Hún var 1,8% í upphafi árs 2011 en hækkaði jafnt og þétt á árinu og var 5,3% í desember 2011 og 6,5% í janúar 2012. Þriggja mánaða verðbólga, færð á ársgrundvöll, er sveiflukenndari, meðal annars vegna árstíðabundinna verðbreytinga. Hún var -2,1 % í janúar 2011, hækkaði í 11% í maí, lækkaði í 2,6% í janúar 2012, en var komin í 12% í apríl 2012.

Á árunum 2003–7 bar húsnæðiskostnaður verðbólguna uppi hér á landi. Meðalárshækkun á húsnæðishluta neysliverðs var þá nær 9% meiri en hækkun annars verðlags. Þetta snerist við á árunum 2009 og 2010 þegar íbúðaverð féll en á árinu 2011 hækkaði húsnæðiskostnaður aftur umfram almennt verðlag. Húsnæðiskostnaður hækkaði um 8,5% innan árs 2011 og bætti 0,8% í verðbólgu ársins. Vísitalan án húsnæðiskostnaðar hækkaði um 5,7%. Innfluttar vörur hækkuðu um 4,7%, litlu meira en meðalverð erlendra gjaldmiðla. Án þeirra hefði verðbólga einnig mælst um 0,8 prósentum hærri en varð. Áhrif skattabreytinga á verðlag mældust sáralítill.

Frá því Seðlabankinn hætti að birta gengisskráningarvog krónunnar í ársbyrjun 2009, hefur viðskiptavog gjaldmiðla með a.m.k. 1% hlutdeild í utanríkisviðskiptum Íslands verið algengasti mælikvarðinn á gengi krónunnar, enda tiltölulega lík fyrri vog. Samkvæmt henni hækkaði verð erlendra gjaldmiðla

um 4,4% á árinu eftir 10,6% lækkun 2010, 7,6% hækkun 2009 og 80,3% hækkun hrunárið 2008. Krónan veiktist á árinu 2011 um 4,3% í samræmi við hækkun á verði erlendra gjaldmiðla. Hún veiktist um rúm 4% frá ársbyrjun til júlíloka, en styrktist síðan um rúm 2% til áramóta.

Í árslok 2011 var sölugengi nokkurra gjaldmiðla samkvæmt skráningu Seðlabankans sem hér segir: Evran kostaði 158,84 krónur, 3,3% minna en í lok 2010. Bandaríkjadalur kostaði 122,71 krónur, 7% meira en í ársbyrjun; breskt pund kostaði 189,43 krónur eftir 6% hækkun og japanska jenið kostaði 1,585 krónur eftir 12% hækkun á árinu. Danska krónan kostaði 21,37 íslenskar krónur eftir 3,5% hækkun, sú norska 20,40 kr. eftir 3,7% hækkun og sænska krónan 17,79, sömuleiðis eftir 3,7% hækkun.

Gjaldeyrishöftin, sem komið var á í miðju hruni í nóvemberlok 2008, stóðu enn í árslok 2011. Undirbúningur afnáms hélt þó áfram á árinu, m.a. með kaupum á aflandskrónum og kaupum á gjaldeyri fyrir ríkisverðbréf til alllangs tíma. Lagagrundvöllur haftanna var styrktur og heimild veitt í lögum til að láta þau gilda út árið 2013.

ÝMISLEGT

Afmæli Jóns Sigurðssonar. 17. júní 2011 voru liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar og var margt gert til þess að minnast Jóns. Alþingi kaus nefnd til þess að heiðra minningu þjóðarleiðtogans undir forystu Sólveigar Pétursdóttur. Nefndin styrkti ýmis verkefni sem tengd voru minningu Jóns forseta. Má þar benda á ýmsar aðgerðir til þess að fegra og bæta staðinn í Hrafнесеysi og að halda minningarsamkomur bæði í Alþingishúsinu og á Hrafнесеysi. Á fundinum á Alþingi var samþykkt að stofna prófessorsembætti, sem væri tengt nafni Jóns Sigurðssonar. Það átti að verða embætti við Háskóla Íslands, en sá sem fengi það skyldi hafa starfsskyldur tengdar Rannsóknarsetri Vestfjarða. Fræðafélög sem tengdust Jóni Sigurðssyn gáfu út fjölda rita til þess að minnast hans. Fyrst skal nefna Hið íslenska þjóðvinafélag, en það gaf út

sérstakt hefti af tímariti sínu *Andvara* sem flutti greinar um Jón eftir níu fræðimenn. Þá hélt félagið fjölsóttu samkomu í sal Menntaskólans í Reykjavík (áður Lærða skólans), en þar starfaði Jón allan sinn alþingistíma og var tíu sinnum kosinn forseti þingsins. Bókmenntafélagið gaf út ritið *Jón Sigurðsson, hugsjónir og stefnumál* sem var verk margra höfunda. Brynhildur Þórarinsdóttir skrifaði bókina *Óskabarn: Bókin um Jón Sigurðsson*. Loks er að geta Sögufélags en það gaf út ritið *Jón Sigurðsson allur?* eftir Pál Björnsson og átti hlut í útgáfu ritsins *Ingibjörgu* eftir Margréti Gunnarsdóttur.

Alcoa verður ekki á Bakka. Álfyrirtækið Alcoa tilkynnti 17. október að ekkert yrði af byggingu álvers á Bakka sem margir Húsvíkingar höfðu bundið vonir við.

ÁTVR kaupir bjór af mörgum aðilum. Áfengis- og tóbaks-einkasala ríkisins hafði til sölu átta tegundir af íslenskum bjór. Tveir aðilar voru langstærstir: Vífilfell h.f. og Ölgerðin Egill Skallagrímsson h.f. Auk sex lítilla bjórverksmiðja en stærst þeirra var verksmiðja á Árskógsstönd og sú nýjasta í Útvík í Skagafirði.

Bálförum fjölgar. Nú er talið að um 25% látinna Íslendinga séu brenndir og hefur þessi tala sífellt farið hækkandi eða úr um 10% fyrir einum áratug. Þá hefur hefðbundnum kistulagningum fækkað.

Bensín hækkar enn. Í lok ársins 2010 var bensínverð komið í um 250 krónur lítrinn.

Blöð og vefmiðlar. Í febrúar keypti útgáfufyrirtækið Vefpressan hf. vefmiðilinn Eyjuna. Björn Ingi Hrafnsson var kjörinn stjórnarformaður og Karl Th. Birgisson ráðinn ritstjóri.

Bókabúðir í vandræðum. Í febrúar var bókabúð Máls og menningar lýst gjaldþrota. Fjöldi útgefenda átti þá inneignir hjá búðinni fyrir seldar bækur. Eitthvað af því var greitt en tap útgefenda er talið hafa náð 50 milljónum króna. – Bókabúðin Office 1 lenti í nauðasamningum og A4 varð gjaldþrota en þær voru svo sameinaðar síðar á árinu. Áður hafði stærsta bóksölukeðja landsins, Penninn/Eymundsson, orðið gjaldþrota.

Breiðavíkurmálið. Fyrstu greiðslur sanngirnissbóta til Breiðavíkurdrengja voru inntar af hendi 1. apríl. Þær voru 2 milljónir króna á hvern en alls skyldu þeir fá sex milljónir.

Dagur íslenskrar náttúru var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn á sjötugsafmæli Ómars Ragnarssonar, 16. september. Frumkvæði að því átti Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra og var stefnt að því að hann yrði haldinn árlega.

Dagur íslenskrar tungu er hins vegar 16. nóvember. Kristín Marja Baldursdóttir fékk verðlaun Jónasar Hallgrímssonar en Stuðmenn fengu og viðurkenningu fyrir texta sína. Þá fékk pólskur 12 ára nemandi í Álftamýrarskóla, Jeremi Zyrek, viðurkenningu fyrir góðan árangur í íslensku.

Dýr sagnfræði. Í maí komu út tvö bindi af Sögu Akraness. Kostnaður við þessi tvö bindi fór yfir 100 milljónir króna að sögn bæjarstjórans. Ýmsir fræðimenn hafa gagnrýnt verkið.

Eden. Sá vinsæli áningarstaður Eden í Hveragerði brann til grunna í júlí.

Edduverðlaunin 2011. Kvikmyndin *Brim* var valin mynd ársins 2010 og Nína Dögg Filippusdóttir leikkona ársins fyrir leik sinn í aðalhlutverki í myndinni. Ólafur Darri Ólafsson fékk verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki í kvikmyndinni *Roklandi*, sem raunar var frumsýnd í janúar 2011. Gísli Einarsson var valinn sjónvarpsmaður ársins og þáttur hans, *Landinn*, þótti besti fréttá- og viðtalsþátturinn. Hrafn Gunnlaugsson fékk heiðursverðlaun Eddunnar.

Einbreiðar brýr. Í árslok voru ennþá 722 einbreiðar brýr á þjóðvegum landsins, en brýr þjóðvegakerfisins eru alls 1.206.

Erling Blöndal Bengtson sellóleikari afhenti Tónlistarsafni Íslands fyrsta sellóið sitt, sem hann lék á sem barn, til varðveislu 30. september.

Elsti stúdentinn. Guðrún Ísleifsdóttir lauk stúdentsprófi frá MH á haustönn 2011, 81 árs að aldri, og er hún talin elsti nýstúdent sem útskrifast hefur frá þeim skóla. Aðspurð lagði hún áherslu á að fólk ætti aldrei að hætta að læra.

Eyrarrósín. Viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni var veitt í fyrsta sinn í febrúar. Rósína fékk Sumarhátíðin í Skálholti. Listrænn stjórnandi hennar var Sigurður Halldórsson.

Flugfélagið Delta. 2. júlí hóf bandaríska flugfélagið fastar

áætlunarferðir til Íslands. Flugstjóri í fyrstu ferðinni var Vestur-Íslendingurinn Jón Swanholm Magnússon yngri.

Fornminjar. Bæjarrústir, sem virðast vera frá landnámsöld, fundust í Urriðakoti í Garðabæ. Grafnar hafa varið upp leifar af eldhúsi og búi frá 11. öld. Þá fundust tveir snældusnúðar og var annar þeirra með rúnalettri sem mjög sjaldgæft er að finna hér á landi. – Fornleifar fundust nálægt kirkjunni í Vogum. Benda þær til þess að mannabyggð hafi verið á Íslandi mun fyrr en talið hefur verið eða frá tímabilinu 770–830. Það var Bjarni Einarsson fornleifafræðingur sem setti fram þessa kenningu. Hann telur að e.t.v. hafi verið um eins konar útstöð að ræða en ekki fasta byggð.

Framhaldsskólar metnir. Í úttekt sem *Frjáls verslun* lét gera á framhaldsskólum í landinu kom Menntaskólinn í Reykjavík best út. Hann fékk í þessari könnun 925 stig, næstur honum var Menntaskólinn við Hamrahlíð með 660 stig og síðan Verzlunarskóli Íslands með 645 stig. Í þessari könnun var metin menntun kennara, aðsókn í skólana og frammistaða í keppni í stærðfræði, eðlisfræði og tungumálum. Þá var tekið tillit til keppni milli skóla svo sem í Gettu betur, Morfís o.fl.

Friðlýst svæði. Í lok árs höfðu um 100 svæði á landinu verið friðlýst, stór og smá. Við bættust á árinu t.d. Kalmanshellir, Viðey í Þjórsá og Langisjór.

Gettu betur. Kvennaskólinn í Reykjavík sigraði í fyrsta sinn í þættinum Gettu betur. Menntaskólinn í Reykjavík hafði unnið síðustu fjögur árin, en 16 sinnum alls. Ein stúlka var í liði Kvennaskólans.

Gítarveisla Björns Thoroddsen er orðin fastur liður, haldin í október í Salnum í Kópavogi. Björgvín Gíslason hreppti þar gullnögglina svonefndu 2011 en á undan honum höfðu þeir Jón Páll Bjarnason og Ólafur Gaukur tekið við þeirri viðurkenningu.

Gríman. Leiklistarverðlaun fyrir bestu sýningu ársins hlaut *Lér konungur*. Leikskáld ársins voru valin þau Ólafur Egill Egilsson og Auður Jónsdóttir fyrir verkið *Fólkið í kjallaranum*. Besti karlleikari fyrir leik sinn í aðalhlutverki var valinn Arnar Jónsson í *Lé konungi* en í kvenhlutverki var valin Unnur Ösp

Stefánsdóttir fyrir leik sinn í *Elsku barni*. Leikstjóri ársins var Benedict Andrews fyrir *Lé konung*. Oddur Björnsson hlaut heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands.

Grímsstaðir á Fjöllum. Sú frétt vakti mikla athygli að kínverskur fjárfestir, Huang Nubo, hefði hug á að kaupa Grímsstaði á Fjöllum og byggja þar upp ferðaþjónustufyrirtæki. Voru mjög skiptar skoðanir um þær fyrirætlanir. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hafnaði því að veita undanþágu til að selja landið og mun sú ákvörðun hafa valdið nokkrum ágreiningi innan ríkisstjórnar.

Harpa. Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpan var opnað miðvikudaginn 4. maí. Starfsemin hófst með tónleikum Sinfóníuhljómsveitar, en hljómsveitin mun hafa aðsetur sitt í Hörpunni. Á dagskrá fyrsta kvöldið var hljómsveitarforleikurinn *Velkomin Harpa* eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Þá tók við píanókonert Griegs og var Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari í honum. Eftir hlé hljómaði svo níunda sinfónía Beethovens. Hljómsveitinni stjórnaði Vladimir Ashkenazy. Það var mál manna að í stærsta salnum í húsinu, Eldborg, sem tekur 1.600 manns í sæti, væri fádæma góður hljómburður. Formleg opnunarhátíð, aðrir og „poppaðri“ tónleikar voru síðan 13. maí og opið hús var helgina 14.- 15. maí. Voru þar margir smærri listviðburðir og töldu aðstandendur að fjöldi gesta á þessa viðburði hafi alls verið ríflega 30 þúsund. Íslenska óperan mun einnig eignast samastað í Hörpu og fyrsta óperan, *Töfraflautan* eftir Mozart, var frumsýnd 22. október. Leikstjóri var Ágústa Skúladóttir en hljómsveitarstjóri Daníel Bjarnason.

Höggmynd flutt. *Vatnsberinn*, höggmynd Ásmundar Sveinsonar, sem gerð var 1949 átti upphaflega að standa á horni Bankastrætis og Lækjargötu. Hún þótti of stór og klunnaleg til þess að hæfa miðbænum. Því var myndin sett niður uppi í Öskjuhlíð og hefur verið þar síðan. Í ágúst var *Vatnsberinn* færður á sinn upprunalega stað, við brunninn í Bakarabrekku.

Iceland Airwaves tónlistarhátíðin er nú orðin að árlegum viðburði í Reykjavík og dregur að mikinn fjölda gesta, ekki síst erlendra. Hún var haldin dagana 12.–16. október og meðal

þeirra sem héldu tónleika voru Björk og írská söngkonan Sinead O'Connor.

Jazzhátíð Reykjavíkur hófst 20. september og þótti heppnast vel. Þar lék m.a. Mezzoforte fyrir fullum Eldborgarsal Hörpu. Helsta stjarna hátíðarinnar var annars píanóleikari frá Panama: Danilo Pérez og spilaði m.a. Thelonius Monk.

Kauphöllin. 15. desember hófust á ný viðskipti með bréf í Högum hf. Þetta var fyrsta fyrirtækið sem var skráð í Kauphöllina eftir hrún. Hlutabréf aðeins sex fyrirtækja mynduðu úrvalsvísitölu íslenska hlutabréfamarkaðarins. Þau voru: Össur, Marel og Icelandair, auk þriggja færeyskra hlutafélaga.

Kvikmyndir. Af íslenskum kvikmyndum sem frumsýndar voru 2011 ber hæst *Eldfjall*, fyrstu kvikmynd Rúnars Rúnarssonar. Aðalhlutverk voru í höndum Theodórs Júlíussonar og Margrétar Helgu Jóhannesdóttur. Hún var frumsýnd erlendis, í Cannes, og fékk góðar viðtökur en var fyrst sýnd á Íslandi 29. september. Fékk hún frábæra dóma hér og sópaði til sín fjölda verðlauna.

Lagarfljót hefur skipt um lit og ber með sér mikinn jökulleir eftir að Jöklu var veitt í það með Kárahnjúkavirkjun. Hefur lífríki fljótsins þurft að gjalda þess, veiði hefur dregist saman og fiskur er ætislaus. Þá er landbrot vaxandi vandamál við fljótið.

Landspítalinn í erfiðleikum. Mikið var rætt um samdrátt í rekstri spítalans. Á árinu fækkaði stöðugildum um 80–100. Um áramótin 2010–2011 voru 4.594 starfsmenn á spítalanum.

Langlífi. Sífellt fleiri Íslendingar verða 100 ára eða eldri. Talið er að fyrsti Íslendingurinn sem náði þessum háa aldri hafi dáið árið 1866, en alls hafi um 500 Íslendingar náð því að verða 100 ára.

Laugavegshlaupið. Hinn 16. júlí var hlaupið svokallað Laugavegshlaup en það er um 55 km og hefst í Landmanna-laugum og endar í Þórsmörk. Þessi svokallaði Laugavegur er vinsælasta gönguleið á öræfum Íslands og fara menn hann venjulega gangandi á fjórum dögum. Laugavegshlaupið er árlegur viðburður og þykir mikil raun að taka þátt í því. Þetta ár voru þátttakendur 306 og sigurvegarinn hljóp á 4:59,21 klst. en metið er 4:20,00.

Læknar erlendis. Um mitt ár 2011 störfuðu 617 íslenskir læknar erlendis. Alls er talið að íslenskir læknar séu um 1.600.

Maður ársins í atvinnulífi. Dómnefnd Markaðarins valdi Skúla Mogensen viðskiptamann ársins. Hann er eigandi Titans fjárfestingarfélags. Það félag stofnaði nýtt flugfélag sem nefnist WOW air og það á hlut í Carbon Recycling International sem hefur verksmiðju í Svartsengi. Þetta félag framleiðir eldsneyti úr koltvísýringsútblastri með orku frá Jarðvarma.

Morð í Reykjavík. Þrjú morðmál komu upp í Reykjavík árið 2011. 12. maí gaf maður sig fram við starfsfólk Landspítalans og lét vita af líki konu í farangursgeymslu í bíl sem stóð við spítalann. Játtaði hann að hafa banað konunni en þau voru sambýlisfólk og áttu son á barnsaldri. Verknáðurinn var framinn uppi í Heiðmörk en maðurinn var raunar úrskurðaður ósakhæfur. 3. júlí fannst nýfætt barn í ruslagámi við Hótel Frón á Laugavegi. Það hafði fæðst lifandi en var látið þegar það fannst. Litháísk kona sem vann á hótelinu var talin hafa fætt barnið. Þriðja málið kom upp hálfum mánuði síðar er maður var stunginn með hnífi eftir deilur á skemmtistað og lést af sárum sínum en banamaður hans var handtekinn.

Morsárjökull. Myndast hefur nýr foss undan Morsárjökli og er hann hæsti foss landsins, a.m.k. 228 m hár. Var efnt til samkeppni um nafn á fossinn.

Minnisvarði um Fjölnismanninn Konráð Gíslason prófessor. Hinn 4. janúar voru liðin 120 ár frá andláti Konráðs Gíslasonar Fjölnismanns og prófessors við Kaupmanahafnarháskóla. Hann var mikill málhreinsunarmaður, ritaði um íslenska málfræði og var m.a. sérlegur málfarsráðunautur og yfirlesari ljóða félaga síns, Jónasar Hallgrímssonar. Konráð var fæddur á Löngumýri í Skagafirði árið 1808 og þar var minnisvarðinn reistur af félögum í Rótarýklúbbsi Sauðárkróks.

Myndlistarsýning veldur deilum. Myndlistarsýningin „Koddu“ sem var opnuð 16. apríl, snerist um íslenska þjóðar-sjálfsmynd í góðæri og hruni en varð tilefni mikilla deilna. Einkum var deilt um verkið „Fallegasta bók í heimi“ – sem fól í sér vafasama meðferð á bókinni *Flora Islandica* eftir Eggert Pétursson og Ágúst H. Bjarnason.

Mugison bauð til ókeypiss tónleika í Eldborgarsal Hörpu 22. desember Vildi hann launa fyrir frábærar viðtökur á plötu sinni, *Hagléli* og mikla aðsókn að tónleikum sem haldnir voru í tengslum við þá útgáfu. Aðsókn reyndist svo mikil að haldnir voru þrennir tónleikar sama daginn og sala á plötunni jókst enn.

Neyðarlögin. Hæstiréttur kvað upp þann úrskurð 28. október að neyðarlögin, sem sett höfðu verið eftir bankahrunið, brytu ekki gegn stjórnarskrá. Verulegu fargi var létt af stjórnvöldum en ýmsir kröfuhafar í þrotabú Landsbankans voru mjög ósáttir við niðurstöðuna.

Númenningsarnir. 16. febrúar voru kveðnir upp dómar í Héraðsdómi Reykjavíkur í málum hinna svonefndu númeringa. Þau voru handtekin fyrir meinta árás á Alþingi 8. desember 2008 en við slíku liggja þung viðurlög. Þau voru öll sýknuð af árás á Alþingi en fjögur hlutu dóma fyrir brot gegn valdstjóninni. Tveir karlmenn hlutu dóma, annar fyrir að halda þingverði og bíta í hönd lögreglumanns. Dómurinn var upp á fjögurra ára fangelsi skilorðsbundið. Hinn karlmaðurinn var dæmdur fyrir að hindra þingvörð í að loka dyrum og gegna þar með starfi sínu. Fyrir þetta var maðurinn dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi skilorðsbundið. Tvær konur hlutu 100.000 króna sekt, önnur fyrir að hindra þingvörð í störfum sínum og hin konan fyrir að óhlýðnast lögreglu utan Alþingishússins. Fimm sakborningar voru sýknaðir.

Norðurvíkingur. Varnaræfing á vegum NATÓ var haldin á Íslandi dagana 5.–10. júní. Herflugvélar frá fjórum þjóðum, auk Íslendinga, tóku þátt í varnaræfingunni. Þær voru Bandaríkin, Danmörk, Noregur og Ítalía. 450 manns störfuðu að æfingunni.

Ofurlaun til bankastjóra. Upplýst var í mars að bankastjórar Íslandsbanka og Arionbanka hefðu þegið ofurlaun eftir að þessir bankar höfðu verið einkavæddir á ný. Birna Einarsdóttir hjá Íslandsbanka hafði 2,6 milljónir á mánuði en Höskuldur H. Ólafsson hjá Arionbanka fékk 4,3 milljónir á mánuði.

Póstskipið Phönix fundið. Skipið strandaði skammt frá Skógarnesi á Mýrum árið 1881 en áhöfnin bjargaðist upp á land. Hefur skipið legið þar á 100 m dýpi æ síðan. Nú hafa kafarar

og fornleifafraeðingar fundið út nákvæma staðsetningu skipsins og er ætlunin að ná úr því ýmsum lausum munum. Ekkert rak á land eftir strandið nema einn póstpoka.

Rannsóknir á fjármálamisferli í aðdraganda bankahruns gengu hægt. Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, var dæmdur fyrir innherjasvik. Kaupþingsmenn voru hnepptir í varðhald og yfirheyrðir og Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, var ákærður. Rannsóknir íslenskra skattayfirvalda urðu mjög umfangsmiklar og teygðu sig um allan heim. Hins vegar gekk ekki greiðlega að afla upplýsinga um leynireikninga í Lúxemborg.

RIFF. Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík var haldin í september. Danski leikstjórinn Lone Scherfig var heiðursgestur hátíðarinnar. Við það tækifæri tók hún við heiðursverðlaunum sem kennd eru við Vigdís Finnbogadóttur.

Ræðukóngur. Pétur Blöndal alþingismaður talaði oftast og lengst allra þingmanna þetta árið. Hann talaði í tæplega 33 klukkustundir.

Skattakóngur 2011. Þorsteinn Hjaltested, jarðeigandi á Vatnsenda í Kópavogi, greiddi hæstu skatta á Íslandi þetta ár, 161.807.000 kr. Næstur honum kom Andri Már Ingólfsson framkvæmdastjóri, 130.620.000 kr., og í þriðja sæti var Skúli Mogensen fjárfestir, 111.473.000 kr.

Skálholt. Harðar deilur hófust um byggingu Þorláksbúðar, torfhúss sem Árni Johnsen og fleiri hófu að reisa á gamalli skemmutóft við hlið Skálholtsdómkirkju. Þorkell Helgason og Eiður Guðnason líktu m.a. mannvirkinu við „búngalóinn“ sem Godmann Sýngmann reisti og segir frá í *Kristnihaldi undir Jökli*. Frekari byggingarframkvæmdir virðast þó fyrirhugaðar í Skálholti því að á kirkjuþingi voru kynntar hugmyndir um byggingu „miðaldatimburkirkju“ í Skálholti. Rekstur Skálholts-skóla hefur hins vegar reynst erfiður og var starfsfólki hans sagt upp á árinu.

Skuldir Orkuveitunnar. Í lok mars var tilkynnt að Orkuveita Reykjavíkur væri „tæknilega“ gjaldþrota og næmu skuldir sem hún þyrfti að greiða út árið 2016 um 50 milljörðum króna. Nýráðinn forstjóri fyrirtækisins, Bjarni Bjarnason, sagði að

ýmsar leiðir yrðu reyndar til þess að bjarga málum. Nefndi hann í því sambandi að selja eignir, t.d. Perluna, hækka gjaldskrár og fá lán hjá eigendum fyrirtækisins, en þeir voru Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð.

St. Jósefsspítali lagður niður. Ákveðið var að loka St. Jósefsspítala í Hafnarfirði um áramót 2011–2012, þrátt fyrir hörð mótmæli starfsfólks og annarra.

Söngvakeppnin. Vinir Sjonna kepptu fyrir Íslands hönd í Eurovision og lentu þar í 20. sæti.

Tré ársins. Skógræktarfélag Íslands útnefndi fjallagullregn við Greniteig 9 í Reykjanesbæ sem tré ársins 2011. Þetta var í fyrsta skipti sem tré á Suðurnesjum varð fyrir valinu en þetta tiltekna tré þótti „fyrirtaks dæmi um hvernig trjágróður getur vaxið og dafnað suður með sjó þrátt fyrir erfið skilyrði“ eins og sagði í tilkynningu félagsins.

Ungfrú Ísland. Sigrún Eva Ármannsdóttir sigraði í keppninni Ungfrú Ísland sem haldin var í maí.

Valur 100 ára. Hinn 11. maí varð knattspyrnufélagið Valur 100 ára. Haldið var upp á afmælið með ýmsum hætti og Þorgrímur Þráinsson vinnur að því að skrifa sögu Vals. Séra Friðrik Friðriksson hafði forystu um stofnun félagsins. Núverandi formaður er Hörður Gunnarsson. Félagið hefur verið sigursælt í knattspyrnu, handbolta og körfubolta. Blómaskeið félagsins í fótbolta var 1930–1945 en þá varð það 11 sinnum Íslandsmeistari. Aðsetur Vals með íþróttahöll og knattspyrnuvöllum er að Hlíðarenda í Reykjavík.

Varðskip. Nýtt varðskip, Þór, kom til landsins, smíðað í Chile.

Vítisenglar til Íslands. Mótorhjólaklúbburinn MC Iceland varð í mars fullgildur aðili að Hells Angels og fékk nafnið Hells Angels MC Iceland. Sett voru upp skilti með þessum nöfnum á aðalstöðvar þeirra í Hafnarfirði.

Verðlaun Ásu Guðmundsdóttur Wright. Kristján Kristjánsson prófessor í heimspeki menntunar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands fékk verðlaun úr Ásusjóði 2011 fyrir fræða- og ritstörf sín.

Villa á jökli. Fjöldi björgunarsveitafólks tók þátt í leit að sænskum ferðalangi í nóvember. Í fyrstu var hann talinn hafa



Þór er rúm 4 þúsund tonn, búinn nýjustu tækni og nær tæplega 20 mílna hraða.

villst á Fimmvörðuhálsi og var leitað þar í hinu versta veðri hinn 10. nóvember. Brátt var leitarsvæðið fært yfir á Sólheimajökul og þar fannst hann látinn 12. nóvember.

Vindmylla. Við Belgsholt í Melasveit var í júní sett upp 25 m há vindmylla til raforkuframleiðslu. Í nóvember fauk hún hins vegar í miklu hvasaviðri.